



Ársskýrsla 2018

Héraðssamband Vestfirðinga

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Stjórnarfundir HSV	8
Formannafundir	9
Íþróttaskóli HSV	9
Afreksmannasjóður HSV	11
Styrktarsjóður þjálfara HSV	13
Íbúðir til aðildarfélaga	13
Verkefnasamningur	13
Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar	14
Aðalfundir félaganna	15
Samstarfsverkefni.....	15
Landsmót UMFÍ.....	17
Unglingalandsmót.....	17
Landsmót 50+	18
Landsmót UMFÍ	18
Ýmsar upplýsingar.....	19
Lög HSV	19
Siðareglur Héraðssambands Vestfirðinga	22
Úthlutunarreglur íbúða HSV.....	25
Aðildarfélög og formenn félaga í lok árs 2018	26
Heiðursviðurkenningar HSV	27
Félaga og iðkendatal HSV 2018	30
Félaga- og iðkendatal HSV 2017	30
Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaga HSV	31
Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar frá upphafi.....	31
Ferðasjóður ÍSÍ	32
Skýrslur aðildarfélaga HSV	33
Golfklúbbur Ísafjarðar	33
Íþróttafélagið Ívar	37

Ársskýrsla 2018

Stefnir	39
Kubbi - íþróttafélag eldri borgara á Ísfirði	42
Vestri Íþróttafélag	44
Aðalstjórn.....	44
Inngangur	44
Körfuknattleiksdeild Vestra	47
Blakdeild Vestra.....	57
Knattspyrnudeild Vestra.....	59
Skíðafélag Ísfirðinga.....	64
Hending.....	67

Ávarp formanns

Kæru félagar, fulltrúi UMFÍ og ÍSÍ, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og aðrir gestir. Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á þetta 19. ársþing HSV.

Skv 6.gr laga HSV er markmið sambandsins að sameina íbúa héraðsins og stuðla að sjálfstæði Íslendinga. Í lögum eru líka greint frá leiðum að þessum markmiðum en það er meðal annars að:

- Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
- Að vinna að útrýmingu skaðnautna og hafa samvinnu um bindindismál við bindindisfélög.
- Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
- Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
- Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, áttuga og ættjörð.
- Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.

Markmið Héraðssambands er í raun að vinna að sameiginlegum hagsmunum aðildafélagana, stuðla að auknu samstarfi meðal þeirra, vera málsvari þeirra og tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ. Sterk staða og traust til sambandsins skiptir miklu fyrir allt íþróttalífið á svæðinu. Ábyrgðin er okkar allra, samvinna og góð samskipti okkar á milli hjálpar til við áframhaldandi uppbyggingu á okkar góða starfi og að öllum öðrum ólöstuðum þá verð ég að nefna það hversu lánsöm við erum með framkvæmdastjórn okkar hana Siggú Láru, sem er svo sannarlega iðin og öflug í því að halda samskiptum á lofti og að miðla upplýsingum til aðildafélagana.

Það er óhætt að segja að síðasta ár hafi verið lærdómsríkt hjá mér eftir að ég tók að mér formennsku HSV. Ég hafði svo sem gert mér í hugarlund hversu öflug og mikil vinna er unnin í kringum öll þau íþróttafélög sem starfrækt eru hér á svæðinu, en nú hef ég kynnst því enn frekar. Það er í raun alveg magnað hvað við náum að halda úti fjölbreyttu íþróttalífi með ekki fleiri iðkendur og svo ekki sé minnst á þá sjálfboðaliða sem starfa innan hreyfingarinnar.

Ég held að það sé óhætt að segja að aldrei verður of oft þakkað fyrir þann gríðarlega öfluga hóp sem við höfum af sjálfboðaliðum sem halda starfinu gangandi.

Stjórn ásamt framkvæmdastjóra vann á árinu að hinum ýmsu verkefnum. Haldnir voru 10 stjórnarfundir og fjölmargir aðrir minni fundir í hinum ýmsu nefndum og með aðildarfélögum.

Á síðastliðnu þingi var samþykkt að HSV sækti um að vera fyrirmyndahérað ÍSÍ og segja má að það hafi verið rauði þráðurinn í verkefnum ársins. Fyrir þinginu í ár liggja fyrir samþykktir á nýjum stefnum HSV en það er Jafnréttisáætlun, Umhverfisstefna,

Ársskýrsla 2018

Félagsmálastefna, Fræðslu og forvarnarstefna sem og viðbragðsáætlun vegna m.a eineltis, kynferðisbrota og agabrota. Þetta hefur verið töluverð vinna en samt sem áður nauðsynleg vinna fyrir sambandið. Með þessari vinnu er nú til skriflegir samningar, ráðningasamningar, upplýsingar um hlutverk stjórnar og starfsmanna og fleira og mun þessi vinna nýtast stjórn og starfsmönnum um ókomin ár.

Me too umræðan hefur verið áberandi á árinu og er það áhyggjuefni hvað í raun mikil og íþyngjandi ábyrgð leggst á þá sjálfboðaliða sem halda starfsemi íþróttafélaga gangandi. Því hefur verið nauðsynlegt að leggjast í þessa miklu vinnu og er það von okkar að aðildafélögin geti gert allar þessar stefnur að sínum, og viti hvernig skuli bregðast við í alls skyns tilvikum sem upp geta komið en viðbragðsáætlunin sem nú er lögð fram er ansi víðtæk.

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Ísafirði í október en fulltrúar héraðssambanda allsstaðar af landinu mættu til fundarins. Þá sóttu framkvæmdastjóri og formaður vinnufund um framtíðarskipan íþróttamála. Fundurinn var haldinn að frumkvæði ÍSÍ og í samvinnu við UMFÍ og voru þar saman kominn fjöldi formanna og framkvæmdastjóra héraðssambanda, íþróttabandalaga og sérsambanda af öllu landinu. Segja má að megin niðurstöður þessa vinnufundar hafi verið sameining og samvinna. Það var í raun alveg sama hvað um var rætt, niðutstaðan var nánast undantekningalaust sameining UMFÍ og ÍSÍ og sameining héraðssambanda. Það verður að viðurkennast að það sem hefur komið mér hvað mest á óvart þetta fyrsta ár mitt sem formaður er hversu mikið er verið að vinna sömu vinnu á mörgum stöðum og hversu mikið væri hægt að sameina og samþætta störf innan hreyfingarinnar. Við höfum ekki heyrt neitt um áframhald á vinnu með niðurstöður þessa vinnuþings en vonandi verður e-ð áframhald á þessari vinnu.

Afrekssjóður

Tilgangur Afrekssjóðs er að styrkja þá einstaklinga innan HSV sem náð hafa umtalsverðum árangri í íþrótt sinni. Segja má að sjaldan eða aldrei hafa jafn margir iðkendur innan aðildafélaga HSV verið valin í verkefni á vegum sinna sérsambanda, hvort sem það séu í unglinglandslið, úrtakshópa, ólympíuleika æskunnar, ólympíuleika fatlaðra og landslið. Árið 2018 var gerður styrktarsamningur við fjóra iðkendur og fá þau samanlagt 1.260.000 kr en greitt er út mánaðarleg upphæð í eitt ár.

Í lok árs 2018 lagði HSV inn erindi til Íþróttá og tómstundaneftndar Ísafjarðabæjar þar sem HSV óskaði eftir því við Ísafjarðarbæ að komið yrði til móts við ungt afrekssólk í sveitarfélaginu á aldrinum 14-21 ára með sumarvinnu.

Ungt afrekssólk í íþróttum sem valið hefur verið til að keppa fyrir landslið Íslands í sinni íþróttagrein er gjarnan upptekið stóran part sumars í æfinga og keppnisferðum. Sú fjarvera frá heimabyggð veldur þeim erfiðleikum við að stunda vinnu vegna fjarvista og einnig er erfitt að fá vinnu þegar fyrir sé að viðkomandi þurfi mikið frí til að sinna

ástundun og æfinga- og keppnisferðum. Það var svo í apríl sl sem Ísafjarðabær samþykkti erindið og er það von okkar að þetta komi afreksfólki okkar til góða. Það er gaman frá því að segja að önnur íþróttahéruð settu sig strax í samband við HSV þegar þetta var samþykkt og leituðu upplýsinga því þau hugðust óska eftir sambærilegum stuðningi á sínu svæði.

Svokallað afreksform hefur verið starfrækt undanfarin ár og er í boði fyrir iðkendur 12 - 16 ára. Boðið hefur verið upp á styrktaræfingar í samvinnu við Sjúkraþjálfun Vestfjarða og er það von okkar að íþróttafélög verði dugleg að hvetja sína iðkendur að nýta þetta form, og jafnvel setja inn í æfingatöflu iðkenda. Í vetur bættist svo við hugræn þjálfun en Baldur Ingi Jónasson hélt fyrirlestra varðandi markmiðasetningu, sjálfstraust, leiðtogaþjálfun, liðsanda og fleira. Þetta er verkefni sem er í þróun og er stefnan sett á að efla þennan þátt sem og bæta við þriðja hattinum sem er næringaþjálfun.

Í síðustu ársskýrslum hefur þessi liður um afrekssjóð alltaf verið nefndur undir nafninu afreksstefna. Í raun er HSV ekki með neina formlega afreksstefnu og tel ég að það sé verðugt verkefni sem við ættum að fara í. Og í því samhengi komum við að íþróttaskólanum.

Íþróttaskóli HSV er að ljúka sínu níunda starfsári núna. Starfsemin hefur gengið vel en segja má þó að reksturinn sé ansi sveiflukenndur. Árið 2018 var töluverður rekstrarafgangur af skólanum sem í raun kemur ekki af góðu en skýringuna má helst finna í því að illa gekk að ráða þjálfara í minni byggðarlögin og erfiðalega gekk að ráða sundkennara. Það hófst þó að lokum en sundæfingar eru þó meira en helmingi færri en verið hefur. Þá hafa snjóalög líka áhrif á reksturinn vegna færri æfingadaga. Það er vilji okkar stjórnar að efla starfsemina á minni byggðalögum í samstarfi við aðildafélögin og gekk vorönn 2019 mjög vel hvað þjálfarmál varðar í byggðalögunum í kring.

Við viljum hafa skólann í stöðugri þróun og við viljum líka fá að vita hvernig foreldrum líkar við þjónustuna og ekki síst hvernig börnunum líður. Þrátt fyrir að allt hafi gengið vel og að við séum ákaflega stolt af þessu brautryðjanda verkefni sem íþróttaskólinn er þá er hann svo sannarlega ekki hafinn yfir gagnrýni og er þetta starf sem þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Við sóttum um styrk og höfum sett okkur í samband við Háskóla Íslands varðandi það að gera gæðaúttekt á skólanum. Er hann að skila þeim árangri sem við viljum sjá? Er það gríðalega öflugt unglingastarf sem nú er í gangi, og allur sá fjöldi unglinga sem eru í úrtakshópum sinna landsliða, mögulega íþróttaskólanum að e-u leyti að þakka? Ég er sannfærð um að gildi íþróttaskólans sé mikið og rannsóknir sýna að börn sem iðka sem flestar íþróttagreinar langt fram eftir aldri skili sér í betri íþróttamanni síðar meir. Það er mér mjög minnisstætt og ég vitna oft í meistara Northaug. Petter Northaug, sem er einn af betri skíðagöngumönnum samtímans kom og tók þátt í Fossavatnsgöngunni 2017. Æfingakrakkar hjá SFÍ voru svo lánsöm að fá að hitta hann og ræða við hann og þar hvatti hann börnin til að æfa sem fjölbreyttast, ekki

Ársskýrsla 2018

vera bara á gönguskíðum, hann hafi ekki valið skíðagönguna fyrr en hann var 16 ára gamall, en fram að því prófaði hann allar mögulegar íþróttir.

Mig langar líka að minnast á styrktarsjóð þjálfara en honum er ætlað að auka þekkingu og færni þjálfara og með því móti auka gæði þjálfunar og efla íþróttastarf í sveitarfélaginu. Það á að vera markmið okkar allra að vilja auka faglega umgjörð íþróttastarfs á svæðinu og hvetjum við félög til að nýta sér þennan sjóð. Einnig langar mig að þakka Skaginn 3x og starfsmönnum þess en þeir hafa stutt dyggilega við barna og unglingastarf en Styrkur Skagans 3X fyrir árið 2018 er kr. 1.500.000 en fyrirtækið gefur jafnháann styrk til aðildarfélaga HSV 2019.

Rekstur sambandsins gekk vel síðastliðið ár. Skýringar á rekstrarafgangi er að hluta til rakin hér að ofan, þá er hluti þessa afgangs vegna þjálfarasjóðs sem ekki náðist að úthluta á árinu 2018 en stefnt er að úthluta öllum þeim sjóð á árinu 2019. Þá hefur hluti verkefnasjóðs safnast upp síðastliðin ár og verður þeim fjármunum einnig úthlutað árið 2019. Árið 2018 er því rekið með miklum hagnaði, en fjárhagsáætlun sem lögð hefur verið fram núna fyrir árið 2019 sýnir að sama skapi mikið tap til að koma út þessum peningum.

En framundan er krefjandi ár, með tilheyrandi launahækkunum og verður það verkefni nýrrar stjórnar að endurnýja samning við Ísafjarðabæ en núverandi samstarfssamningur rennur út í árslok. Það er að sjálfsögðu vilji stjórnar HSV að endurnýja þennan samning og halda áfram því góða samstarfi sem HSV hefur átt við bæjarfélagið. Það má segja að við séum sannarlega fyrirmyndahérað þegar kemur að þessum samningi en hann hefur vakið athygli hjá öðrum íþróttahéruðum, sveitarfélögum og íþróttafélögum um land allt og hefur hann verið öðrum hvatning til frekara samstarfs milli grasrótar og bæjarfélags.

Breytingar á starfsmönnum og stjórn.

Salome Elín Ingólfssdóttir sem starfað hefur sem yfirþjálfari íþróttaskólans sagði starfi sínu lausu í lok árs 2018 og lætur af störfum núna í júní. Ráðinn var nýr yfirþjálfari en það er Bjarney Gunnarsdóttir íþróttifræðingur og kom hún til starfa núna 1.maí og mun starfa við hlið Salome fram í júní. Vil ég fyrir hönd stjórnar þakka Salome fyrir einstaklega gæfuríkt og gott samstarf og óska henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Á sama tíma bíð ég Bjarney velkomna til starfa.

Fyrir þetta þing hefur einn stjórnarmaður ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu og þakka ég Inga Birni Guðnasyni fyrir framlag sitt til HSV og aðildarfélaga þess. Að lokum vill ég þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við að gera þetta samfélag sem við lifum í að betri stað til að búa á, með því að stuðla að öfluglu og kraftmiklu íþróttalífi.

Ásgerður Þorleifsdóttir formaður HSV

Stjórnarfundir HSV

Á 18. héraðsþingi HSV sem haldið var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 9. maí 2018 fór fram stjórnarkjör. Úr stjórn gengu Páll Janus Þórðarson og Karl Ásgeirsson. Karl gaf kost á sér til áframhaldandi setu og nýr í stjórn var kjörinn Baldur Ingi Jónasson. Þar fóru einnig fram formannskosningar en Guðný Stefanía Stefánsdóttir fráfarandi formaður gaf ekki kost á sér áfram. Ásgerður Þorleifsdóttir var ein í framboði og var kjörin formaður sambandsins. Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi. Í varastjórn kom inn Karlotta Dúfa Markan í stað Elínar Mörtu Eiríksdóttur sem gaf ekki kost á sér.

Stjórn HSV starfsárið 2018-2019:

Ásgerður Þorleifsdóttir, formaður

Hildur Elísabet Pétursdóttir varaformaður

Karl Ásgeirsson, gjaldkeri

Ingi Björn Guðnason, ritari

Baldur Ingi Jónasson, meðstjórnandi

Varastjórn skipa:

Elísa Stefánsdóttir

Heimir Hansson

Karlotta Dúfa Markan

Stjórnarfundir voru 10 á árinu og er hægt að sjá hér fyrir neðan upplýsingar um dagsetningar og mætingar á fundina. Varastjórn er ávalt boðuð á alla fundi.

	12/6	23/8	3/10	7/11	12/12	16/1	6/2	12/3	30/4	13/5
Ásgerður	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Karl	X		X	X			X	X	X	X
Ingi Björn		X	X	X	X	X		X	X	X
Hildur Elísabet		X	X	X	X	X	X	X		X
Baldur		X	X	X	X	X	X	X	X	X
Elísa			X						X	
Heimir			X	X	X		X	X		X
Karlotta	X				X					

Formannafundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir formannafundir. Formannafundir eru æðsta vald HSV milli árspinga og þar eru teknar allar mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir hjá HSV á milli þinga.

Íþróttaskóli HSV

Íþróttaskóli HSV hóf sitt áttunda starfsár föstudaginn 24.ágúst. Íþróttaskólinn er samvinnuverkefni HSV, aðildafélaga HSV og Ísafjarðarbæjar. Íþróttaskólinn er ætlaður börnum í 1.-4. bekk í grunnskólum Ísafjarðarbæjar og geta öll börn á þessum aldri skráð sig í skólann og tekið þátt. Íþróttaskóli HSV leggur áherslu á grunnþjálfun barna ásamt því að þau fái þjálfun í flestum þeim íþróttagreinum sem í boði eru á eldri stigum aðildarfélaga HSV. Á haustmisseri er skólanum skipt upp í þrjá hluta þ.e. grunnþjálfun, boltaskóla og sund og þegar skíðasvæðið opnar bætast við svig- og gönguskiðaæfingar auk snjóbreittaæfinga.

Grunnþjálfun: Í grunnþjálfun er áhersla lögð á hreyfingu og hreyfiproska barna. Vetrinum er skipt upp í tímabil þar sem unnið er með ákveðna þætti yfir skólaárið. Fjölbreyttar æfingar eru í boði, farið í leiki, þrautir, fimleika, hopp, hlaup, köst, aðrar greinar kynntar og margt fleira. Í mánuð að hausti og vori eru útiæfingar en að stórum hluta fara æfingar fram í íþróttasal. Grunnþjálfun er í boði tvisvar í viku.

Boltaskóli: Í boltaskólanum er boltagreinum skipt jafnt upp yfir veturinn. Boltagreinararnar í skólanum eru knattspyrna, blak, körfuknattleikur og handknattleikur. Geta börnin því fengið að kynna öllum þessum greinum og æft hverja grein. Boltaskóli er í boði tvisvar í viku, útiæfingar að vori og hausti og inniæfingar þess á milli.

Sund: Í Íþróttaskólanum er almenn sundþjálfun í boði og eru æfingar einu sinni í viku fyrir hvern aldurshóp.

Skíði: Skíðaæfingar eru í boði það tímabil yfir veturinn sem skíðasvæðið er opið og eru æfingar í alpagreinum, göngu og á snjóbrettum. Æfingar eru í boði tvisvar til þrisvar sinnum í viku á meðan aðstæður leyfa.

Ársskýrsla 2018

Yfirþjálfari Íþróttaskólans er Salome Elín Ingólfssdóttir. Yfirþjálfari sér um grunnþjálfunarhluta skólans, boltaskóla fyrir 1.-2. bekk auk almenns skipulags skólans. Samvinna við aðildafélög HSV gefur okkur tækifæri til að bjóða börnunum uppá afbragðsgóða þjálfun í boltagreinum, sundi og skíðum. Þjálfarar úr hverri íþróttagrein koma inn með sérþekkingu sína og kafa dýpra í hverja grein en í grunninum. Hér á svæðinu búum við yfir reynslumiklum og hæfileikaríkum þjálfurum sem tilbúnir eru að leyfa Íþróttaskóla HSV að njóta krafta sinna.

Markmið Íþróttaskóla HSV er:

- Að fá sem allra flest börn til að iðka íþróttir.
- Að fyrstu kynni barna af íþróttaiðkun sé jákvæð.
- Að börn fái að kynnst sem flestum íþróttagreinum.
- Að auka gæði þjálfunar.
- Lækka kostnað heimila við íþróttaiðkun barna.
- Auka grunnþjálfunarhluta æfinga, almenna hreyfingu, hreyfiproska og hreyfigetu.

Íþróttaskólinn hefur gengið ljómandi vel í vetur. Mikill fjöldi iðkenda hefur verið í skólanum og hefur iðkendum fjölgað með stærri árgöngum sem koma inn. Langstærsti hluti iðkenda prófar allar greinar og stór hluti iðkar þær allar yfir veturinn. Mikil ánægja hefur verið hjá krökkunum og einnig höfum við heyrt fjölmargar ánægjuraddir. HSV er mjög þakklátt fyrir hversu vel hefur gengið og hversu vel samfélagið hefur tekið Íþróttaskólanum.

Þau aðildafélög HSV sem hafa séð um þjálfun í Íþróttaskólanum hafa staðið sig frábærlega og hafa þjálfarar frá þeim verið mjög færir og náð vel til krakkanna. Boltadeildir Vestra og Hörður hafa séð um boltaskóla fyrir 3.-4. bekk og SFÍ hefur séð um þjálfun í öllum skíðagreinum. Skíðaveturinn var sérstakur að því leyti að snjóleysi hafði áhrif á æfingar. Gönguskiðaæfingar voru að jafnaði yfir veturinn en svigskíða- og brettaæfingar voru ekki eins margar og undanfarin ár. Góð samskipti hafa verið milli yfirþjálfara HSV og þjálfara aðildarféлага í vetur og ber að þakka fyrir það.

Samskipti Íþróttaskóla HSV og dægrardvalar hafa verið mjög góð og skiptir það miklu máli fyrir íþróttaskólann hversu vel skipulagt starf dægrardvalar er. Starfsmenn

dægradvalar eru vel meðvitaðir hverjir stunda hvað í Íþróttaskólanum og senda krakkana af stað þegar þeirra æfing er að byrja. Íþróttaskólinn og dægradvöl eru bæði staðsett í sundhöll Ísafjarðar og hjálpar það mikið til sem og góð samskipti þarna á milli.

Undanfarna vetur hefur verið boðið uppá æfingar á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri eftir því hvernig tekist hefur að manna þjálfun á hverjum stað. Ýmislegt hefur verið í boði fyrir börnin á þessum stöðum s.s grunnþjálfun, boltaæfingar, sundnámskeið og gönguskíði. Börnin hafa einnig tækifæri til að stunda skíðaæfingar af kappi þegar þær eru í boði á Ísafirði. Í bæjarfélagi eins og okkar er úrval tómstunda að stórum hluta háð mannauðnum á hverjum tíma. HSV vinnur með íþróttafélögum í smærri byggðarkjörnunum við að bjóða börnum á íþróttaskólaaldri uppá íþróttaæfingar að einhverju tagi.

Íþróttaskóli HSV er þróunarverkefni sem hóf göngu sína haustið 2011. Ýmsar breytingar hafa orðið á starfi skólans frá upphafi þó svo að grunnhugmyndin haldi velli. Þessar breytingar sem gerðar hafa verið snúast fyrst og fremst um aukinn fjölda iðkenda við skólann, auk þess að undanfarin fjögur ár höfum við boðið uppá æfingar í frístundahléi sem gert er á miðjum skóladegi barna.

Góð samvinna allra sem koma að þessu verkefni með HSV er mikilvæg svo hlutirnir gangi eins og vel og þeir gera. Að lokum má nefna það að horft er til Ísafjarðarbæjar frá öðrum stöðum varðandi vel skipulagða íþróttaþjálfun fyrir börn í fyrstu bekkjum grunnskóla og fáum við reglulega fyrirspurnir um þetta samvinnuverkefni okkar allra.

Afreksmannasjóður HSV

Afreksmannasjóður HSV hefur gegið í gegn um nokkrar breytingar á síðustu tveimur árum. Árið 2018 var í fyrsta sinn greiddir út mánaðarlegir styrkir til ungra afreksmanna. Voru það 4 ungir iðkendur frá tveimur félögum sem hlutu þessa styrki. Vegna þessara breytinga á úthlutunarferli var ekki úthlutað einstökum styrkjum en slíkt mun verða gert árlega. Var það gert í lok árs 2017 og í byrjun árs 2019. Framvegis verður auglýst eftir

Ársskýrsla 2018

umsóknum um mánaðarlega samninga og einstaka styrki að hausti og úthlutun tilkynnt í lok árs. Stakir styrkir greiddir út fyrir áramót en samningar gerðir fyrir næsta ár.

Samningar um mánaðarlegar greiðslur voru gerðir við eftirfarandi íþróttamenn fyrir árið 2018. Heildar upphæð er kr. 1.260.000:

Nafn	Félag	Mánaðaleg upphæð	Árið 2018
Albert Jónsson	Skíðafélag Ísfirðinga	40.000	480.000
Anna María Daníelsdóttir	Skíðafélag Ísfirðinga	30.000	360.000
Auður Líf Benediktsdóttir	Vestra	20.000	240.000
Þórður Gunnar Hafsteinsson	Vestra	15.000	180.000

Í samningunum sem gerðir eru við afreksmennina eru gerðar kröfur til þeirra um að:

- Stunda íþrótt sína af dugnaði og samviskusemi.
- Vera virkur iðkandi í aðildarfélagi HSV.
- Vera vímuefnalaus íþróttamaður/íþróttakona.
- Geta tileinkað sér hugarfar og lífsstíl afreksíþróttar.
- Vera góð fyrirmynd fyrir aðra íþróttamenn.
- Koma fram á vegum HSV ef því verður viðkomið.
- Gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd hans sjálfs og annara iðkenda HSV. Þetta gildir einnig um notkun styrkþega á samfélagsmiðlum s.s. Facebook, Twitter, Instagram o.þ.h. þar með talið að gæta að myndbirtingum.
- Hlíta reglum ÍSÍ um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit svo og þeim almennu siða- og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan. Gerist styrkþegi brotlegur gegn þessum reglum getur stjórn sjóðsins stöðvað greiðslur til styrkþega og jafnvel krafist endurgreiðslu styrksins.

Ný reglugerð undirstrikar að HSV vill sjá unga og efnilega afreksmenn og konur vaxa og dafna áður en þau halda áfram á stærra svið. Aukið utanumhald og stefnumörkun, aukin áhersla á markmið og markviss.

Styrktarsjóður þjálfara HSV

Stjórn styrktarsjóðs þjálfara HSV var kosin á ársþingi HSV. Stjórn sjóðsins skipa Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Jóhann Torfason og Stefanía Ásmundsdóttir. Samkvæmt samstarfssamningi við Ísafjarðarbæ greiðast 750.000 kr. í sjóðinn ár hvert.

Íbúðir til aðildarfélaga

HSV hefur til afnota átta íbúðir í eigu Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf fyrir aðildarfélög. Fimm íbúðanna fær HSV sem styrk frá Ísafjarðarbæ en af þremur er greidd helmingi til full leiga. Einnig er greiddur allur kostnaður svo sem hiti, rafmagn og þríf á sameign. Alls er kostnaður aðildarfélaga vegna þessa íbúða kr.2.400.567 en styrkur Ísafjarðarbæjar kr. 8.575.592.

Verkefnasamningur

Verkefnasamningur HSV og Ísafjarðarbæjar hefur gengið vel eftir. Félögin sinna sínum verkefnum almennt af kostgæfni og samvirkusemi. Mikil ánægja er með verkefnasamninginn þó svo að erfitt geti verið að hafa fullt samhengi með tímavinnu og peningum. Stjórn HSV reynir að vinna það af eins mikilli sanngirni og stjórnin mögulega getur og telur rétt. Það eru margir þættir og margar breytur sem hafa ber í huga þegar verkefnum er útdelt og er iðkenda fjöldi yngri en 18 ára helsta breytan þó svo að einnig fari það eftir verkefnum, aðstæðum, staðsetning verkanna, hefðum og fleira. Verkefnasamningurinn gerir félögunum kleift að fá frekara fjármagn inn í félagið og ætti það að leiða af sér að félagið geti boðið upp á betri þjónustu til iðkenda sinna.

Er það von HSV að Ísafjarðarbær telji þetta góðan vettvang til að koma verkefnum sínum í framkvæmd og samningurinn muni vaxa á komandi árum. Er það trú okkar að það sé hagur beggja aðila samningsins ekki síst Ísafjarðarbæjar sem fær verkin mjög vel unnin.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2018 var kjörinn við hátíðlega athöfn þann 30. desember síðastliðinn. Elmar Atli Garðarson knattspyrnumaður úr Vestra var þá útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar. Elmar Atli hefur æft og spilað knattspyrnu á Ísafirði frá því í yngri flokkum. Hann var mikilvægur hlekkur í liði Vestra í sumar, leggur sig alltaf 100% fram og er frábær liðsmaður innan sem utan vallar. Þá er hann góð fyrirmynd ungra leikmanna og er iðinn við að miðla reynslu sinni til þeirra. Elmar Atli var á haustmánuðum kallaður til reynslu hjá sænska liðinu Helsingborg þar sem hann æfði í viku.

Elmar Atli er heilbrigður og metnaðarfullur íþróttamaður, sem stundar íþrótt sína af miklu kappi. Hann er góð fyrirmynd yngri iðkenda og annarra félagsmanna.

Níu tilnefningar bárust frá íþróttafélögum og voru eftirfarandi tilnefndir;

Albert Jónsson Skíðafélagi Ísfirðinga
Anton Helgi Guðjónsson Golfklúbbi Ísafjarðar
Einar Óli Guðmundsson knattspyrnudeild Harðar
Elmar Atli Garðarson knattspyrnudeild Vestra
Jens Ingvar Gíslason handboltadeild Harðar
Kristín Þorsteinsdóttir Ívari
Kristján Guðni Sigurðsson Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar
Mateusz Lukasz Klóska blakdeild Vestra
Nemanja Knezevic körfuknattleiksdeild Vestra
Ólöf Einarsdóttir Hestamannafélaginu Hendingu

Efnilegasti íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2017 var útnefndur Hugi Hallgrímsson körfuknattleiksmaður hjá Vestra. Hugi er ungur og efnilegur körfuknattleiksmaður sem er í fremstu röð í sínum aldurshópi á landsvísu. Hann spilar hvorttveggja með drengjaflokki og meistaraflokki karla auk þess að hafa verið fastamaður í yngri landsliðum á vegum KKÍ. Þrátt fyrir ungan aldur er Hugi lykilleikmaður í meistaraflokki karla sem háir baráttu meðal efstu liða í 1. deild. Hann æfir vel og samviskusamlega, með félagsliði sínu félagsliði auk þess sem hann stundar nám á afreksbraut MÍ. Með metnaði sínum og dugnaði er hann öðrum fyrirmynd.

Þeir íþróttamenn sem voru tilnefndir til efnilegasta íþróttamanns Ísafjarðarbæjar auk Huga eru eftirfarandi:

Gautur Óli Gíslason handknattleiksdeild Harðar
Hugi Hallgrímsson körfuknattleiksdeild Vestra
Jakob Daníelsson Skíðafélagi Ísfirðinga
Jón Gunnar Shiransson Golfklúbbi Ísafjarðar
Kári Eydal blakdeild Vestra
Lilja Dís Kristjánsdóttir Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar
Ómar Karvel Guðmundsson Ívari
Þórður Gunnar Hafþórsson knattslþyrnudeild Vestra

Aðalfundir félaganna

Samkvæmt lögum eiga aðildarfélög HSV að halda aðalfund ár hvert. Mikilvægt er að auglýsa aðalfundi vel og að láta HSV vita um aðalfund. Nauðsynlegt er að HSV geti fylgst með aðalfundi og geti haft eftirlit með að allar venjur og reglur séu í lagi. Einnig er mjög mikilvægt að leggja fram ársreikning undirritaða af stjórn félagsins og skoðunarmönnum.

Aftast í þessari ársskýrslu eru skýrslur stjórnar félaganna. Ekki voru komnar í hús allar skýrslur og því er listinn ekki tæmandi. Stjórn HSV telur mikilvægt að gefa út í einu riti árskýrslu HSV og aðildarfélaga þess. Með því móti er hægt að sjá í einu riti það mikla og blómlega starf sem íþróttafélögin og HSV stuðla að í Ísafjarðarbæ og Súðavík.

Samstarfsverkefni

HSV tekur á ári hverju þátt í nokkrum samstarfsverkefnum og er sambandið ávalt opið fyrir því að taka þátt í góðum verkefnum. Hér fyrir neðan eru talin upp helstu samstarfsverkefni á síðasta ári.

Hreyfivikan

Hreyfivikan er almenningsíþróttaverkefni á vegum Ungmennafélags Íslands í samstarfi við yfir 200 grasrótarsamtök í Evrópu. Hreyfivikan er hluti af “The NowWeMove 2012-2020 ” herferð International Sport and Culture Association (ISCA) sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum til heilsubótar.

HSV í samstarfi við Ísafjarðarbæ var með í fyrsta sinn 2014 og heppnaðist mjög vel. Síðan hefur hreyfivikan í Ísafjarðarbæ eflst og dafnað í Ísafjarðarbæ. Árið 2019 fer hreyfivikan fram 27. maí til 2. júní. Í ár verður Hreyfivikan skipulögð í samstarfi við Ísafjarðarbæ Sem liður í heilsueflandi samfélag í Ísafjarðarbæ.

Félagakerfið Felix

Félagakerfi Felix er sameiginlegt kerfi UMFÍ og ÍSÍ og er megintilgangur kerfisins að skrá og halda utan um upplýsingar félaganna s.s. félagsmenn, iðkendur, stjórnir, nefndir, æfingahópa o.s.v.f.r. Kerfið heldur utan um allar þessar upplýsingar á miðlægum gagnagrunni þannig að þær er alltaf hægt að nálgast og engin hætta er á því að þær tapist. Kerfið auðveldar allt utanumhald á skráningum félaganna. Í kerfinu er einnig hægt nálgast tölfræðilegar skýrslur úr starfsemi félaganna.

Nýtt Felix kerfi var tekið í notkun árið 2017. Það voru miklir erfiðleikar í notkun nýja kerfisins til að byrja með en kerfið er komið vel í gang og hafa starfsskýrsluskil gengið nokkuð vel þó alltaf megi gera betur.

HSV hvetur aðildarfélög sín að kynna sér felix og nýta sér kerfið. Mjög mikilvægt er að félögin séu virk í skráningu iðkenda og félaga sinna. Skipting þeirra fjármuna sem til HSV kemur og rennur til félaga byggist alfarið á tölum úr Felix skráningarkerfinu og því mjög brýnt að upplýsingar séu réttar og reglulega uppfærðar.

Lottó

Heildarlottótekjur til HSV fyrir árið 2018 voru kr. 8.132.689 sem er svipuð aukning milli ára og verið hefur. Til samanburðar voru tekjur HSV af lottó árið 2017 kr. 7.889.336, 2016 kr. 7.202.482, árið 2015 kr. 6.449.392, árið 2014 kr. 6.284.387, árið 2013 kr. 5.404.974 og árið 2012 kr. 5.183.329. Lottótekjur HSV koma frá UMFÍ og ÍSÍ eftir ákveðnum reglum samtakanna.

Lottótekjur HSV renna óskiptar til aðildarfélaganna HSV með þeirri undantekningu að samkvæmt reglugerð Afreksmannasjóðs HSV, renna 10% af óskiptum lottótekjum sambandsins í afreksmannasjóðinn.

Úthlutunarreglur HSV á lottótekjum til aðildafélaganna fer eftir iðkenda og félagatali. Miðað er við tölur félaganna úr felix kerfinu. Enginn fær úthlutað rekstrarframlagi án skráningar í felix og skýrsluskilum til ÍSÍ og HSV. Í 5. grein laga HSV kemur fram hvernig haga skuli skiptingu og hverju félög þurfa að skila til að fá úthlutað sínum hluta.

Íslenskar getraunir

Tekjur af Íslenskum getraunum voru árið 2018 kr. 260.853 sem er nokkur aukning frá árinu 2017 þegar tekjurnar voru kr. 133.984. Íslenskar getraunir hafa um nokkurt árabil verið vannýtt auðlind hjá HSV og tekjur verið nokkuð misjafnar en alltaf litlar. Aukninguna má rekja til tippuleiks sem aðalstjórn Vestra stendur fyrir en hann hefur aukið tekjur bæði fálgsins og HSV af Íslenskum getraunum.

Landsmót UMFÍ

Unglingalandsmót

16. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina 2018. Keppt var í ýmsum keppnisgreinum eins og dansi, fimleikum, frjálsíþróttum, glímu, golfi, hestaíþróttum, knattspyrnu, körfubolta, skák og sundi. Gestir mótsins voru taldir vera um 8.000-10.000. Aðstaða til keppnishalds var með ágætum og fór mótið vel fram í ágætis veðri. Keppendur HSV voru heldur fáir þetta árið líkt og undanfarin ár. Markmiðið er að

vekja betur upp áhuga á unglingalandsmóti hjá félögum HSV og mæta á næstu mót með öflugan hóp. Unglingalandsmót er fjölskylduskemmtun án allra vímuefna og er góður kostur fyrir fjölskyldur og börn þeirra ef gera á verslunarmannahelgina skemmtilega og minnisstæða. Árið 2019 er mótið haldið Á Höfn í Hornafirði og 2020 á Selfossi. HSV hefur sótt um að halda unglingalandsmót á Ísafirði og í Bolungarvík árið 2021 í samstarfi við HSB og HHF.

Landsmót 50+

Landsmót 50+ var árið 2018 felld inn í stóra landsmótið sem haldið var um miðjan júlí á Sauðárkróki. Á 50+ fóru að þessu sinni 12 keppendur frá Kubba ásamt mökum og kepptu í Boccia, Pútti og Golfi. Í hlut Kubba komu að þessu sinni tvenn verðlaun, brons í boccia og brons í pútti karla 70 ára og eldri. Næsta landsmót 50+ verður haldið á Neskaupsstað í lok júní. Vonandi mun HSV eiga fjölda keppeda þar.

Landsmót UMFÍ

Í júlí í sumar var haldið Landsmót sem var með gjörbreyttu sniði frá því sem áður var. Landsmótið í sumar var opið öllum 18 ára og eldri hvort sem þeir voru í íþrótt- og ungmennafélagi eða ekki.

Landsmótið á Sauðárkróki var sannkölluð íþróttaveisla. Það stóð í fjóra daga og gátu þátttakendur þar keppt í eða prófað næstum 40 íþróttagreinar á Sauðárkróki og skemmt sér alla daga við ýmislegt heilsutengt eða farið á dansleik og tónleika. Hádegisfyrirlestrar um eitt og annað tengt lýðheilsu voru alla dagana á Sauðárkróki.

Rúmlega 1.000 þátttakendur voru skráðir á Landsmótið þegar það var haldið í fyrsta sinn með þessu breytta sniði á Sauðárkróki.

Stjórn UMFÍ hefur ákveðið að Landsmótið verði haldið á nýjan leik í júlí árið 2020. Mikil ánægja var með mótið sem haldið var á Sauðárkróki síðastliðið sumar.

Ýmsar upplýsingar

Lög HSV

I. kafli: Heiti og sambandssvæði.

II. kafli: Aðild:

a) Réttur til aðildar.

b) Umsókn um aðild.

c) Réttindi og skyldur aðildarfélaganna.

III. kafli: Markmið og hlutverk sambandsins.

IV. kafli: Héraðsþing:

a) Hlutverk.

b) Fulltrúar.

c) Réttur til þingsetu.

d) Dagskrá þingsins.

e) Aukaþing.

V. kafli: Stjórn:

a) Skipun.

b) Hlutverk.

c) Formannafundir.

VI. kafli: Lagabreytingar.

VII. kafli: Ýmis ákvæði

VIII. kafli: Gildistaka.

I. kafli. Heiti og sambandssvæði.

1. grein.

Sambandið heitir Héraðssamband Vestfirðinga. Skammstafað HSV. Sambandssvæðið er Ísafjarðarbær og Súðavíkurreppur. Heimili og varnarþing er Ísafjarðarbær.

II. kafli. Aðild.

2. grein.

Réttur til aðildar.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög, sem eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Íþrótta- og ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og starfa í anda þeirra.

3. grein.

Umsókn um aðild.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar HSV. Ásampt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn.

4. grein.

Réttindi og skyldur aðildarféлага.

Félag öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna, er staðfestast skal á héraðsþingi. Félagið hefur þó rétt til þátttöku í íþróttamótum.

5. grein.

Starfsskýrslur/ársskýrslur

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal og ársreikninga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglingastarfi.

Aðildarfélög skulu skila ársskýrslum til sambandsins að loknum aðalfundum sínum eða eigi síðar en 31. maí. Ársskýrslur skulu innihalda skýrslu stjórnar með árituðum ársreikningi

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags. Geri viðkomandi félag ekki skil á ársskýrslum á réttum tíma tvö ár í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV.

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarféлага skv. innsendum ársskýrslum. Styrkir þessir eru bein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá Íslenskum getraunum.

Styrkir skulu skipast á milli aðildarféлага skv. eftirfarandi reiknireglu:

1. 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngri en 18 ára
2. 20 % miðast við fjölda iðkenda 18 ára og eldri
3. 5 % miðast við skráða félaga
4. 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarféлага sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

III. kafli. Markmið og hlutverk sambandsins.

6. grein.

Markmið HSV er að sameina íbúa héraðsins um að efla sjálfstæði Íslendinga. Markmiði sínu hyggst sambandið ná á eftirfarandi hátt:

- Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
- Að vinna að útrýmingu skaðnautna og hafa samvinnu um bindindismál við bindindisfélög.
- Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
- Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
- Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, áttþaga og ættjörð.
- Að efla í hvívetna almenna fræðslu og upplýðisstarf.
- Að vinna að kynningu æskunnar á sambandsvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulyð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.
- Að vinna að jafnrétti allra manna.
- Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk sambandsins er:

- Að hafa forystu íþróttamála innan héraðsins, efla samvinnu íþróttaiðkenda og vera fulltrúi þeirra gagnvart ÍSÍ og UMFÍ og öðrum héraðssamböndum.
- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð ef stofnuð eru fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði
Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- Að staðfesta lög aðildarfélaga og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- Að annast íþróttaleg sérmál, meðan þau eru ekki falin sérstökum ráðum.
- Að gangast fyrir stofnun sérráða, sé þess þörf.
- Að gefa umsögn um íþróttamál, íþróttamannvirki o.s.frv.
- Að annast milligöngu um tryggingamál fyrir einstök félög eða sérráð, sé þess óskað.
- Að efla áhuga almennings fyrir líkamsmennt, með erindum eða annari fræðslu og örfa almenna þátttöku í íþróttaiðkun og í keppni um íþróttamerki.
- Að annast skýrslugerðir varðandi íþróttamál héraðsins.

IV. kafli. Héraðsþing.

7. grein.
Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið fyrir maílok ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögum, um sambandsvæðið.

Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþingi, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara með rafrænum hætti nema óskað sé eftir því skriflega.

8. grein.

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða um þær, nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins.

9. grein.
Fulltrúar.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 50, verði 25 umfram má kjósa einn fulltrúa fyrir það brot, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi og aldrei færri en einn. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

10. grein.
Réttur til þingsetu.

Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar þeirra félaga sem skilað hafa inn starfsskýrslum skv. 5. grein. Auk þess hefur sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ.
- Fulltrúar sveitafélaganna á sambandsvæðinu.
- Skoðunarmenn reikninga.
- Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu.

Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar með atkvæðisrétt skulu hafa kjörbréf.

11. grein.
Dagskrá þingsins.

Ársskýrsla 2018

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili Héraðssambands Vestfirðinga eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu:
 - a) Kjörnefnd og aðrar nefndir ef þurfa þykir.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar,
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
 - e. Kosning til íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttþing er haldið.
 - f. Kosning til þings UMFÍ skv. lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

12. grein.
Aukaþing.

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

V. kafli. Stjórn.

13. grein.
Skipun.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Formaður eða varaformaður aðildarfélags er ekki kjörgengur í stjórn sambandsins. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

14. grein.
Hlutverk.

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórn sambandsins svo og nefndir þess skulu halda gerðabók.

15. grein.
Formannafundir.

Eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti skal stjórn HSV halda fund með formönnum félaga og sérráða eða fulltrúum þeirra, þar sem stjórnin skýrir störf sín og rædd verða viðfangsefni héraðssambandsins og aðildarfélaga þess

VI. kafli. Lagabreytingar.

16. grein.

Tillögur til lagabreytinga skal leggja fram í upphafi þings og þeim síðan vísað til laganefndar. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

17. grein.

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða, atkvæðisbærra fulltrúa á héraðsþingi.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

18. grein.

Í lögum allra aðila að héraðssambandinu skulu vera ákvæði um félagsslit, svo og um ráðstöfun eigna sambandsaðila.

19. grein.

Héraðssambandinu HSV. verður ekki slitið nema á héraðsþingi og þá aðeins, að 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa þeirra, er rétt eiga til setu á þinginu sbr. 9. grein samþykki. Með slíkri samþykkt er störfum þessa þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars ársþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, er sambandinu formlega slitið. Skulu eignir sambandsins renna til nýrra heildarsamtaka íþróttafélaganna á sambandssvæðinu, í samráði við stjórnir ÍSí og UMFÍ. Gerðabækur sambandsins skulu varðveitast á Héraðsskjalasafni Ísafjarðabæjar.

20. grein.

Þrátt fyrir ákvæði í 19. grein, skal heimilt að stytta sex mánaða boðunarfrest til héraðþings ef um skipulagsbreytingar eða samruna er að ræða. Boðunarfrestur skal ákveðast af þinginu.

VIII. kafli. Gildistaka.

21. grein.

Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSí og UMFÍ.

22. grein.

Allar breytingar á lögum sambandsins þurfa að hljóta samþykki stjórnar ÍSí og UMFÍ áður en þær taka að fullu gildi.

Þannig samþykkt á Héraðsþingi HSV á 18. degi maímánaðar 2016

Guðný Stefanía Stefánsdóttir	formaður
Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir	ritari

Siðareglur Héraðssambands Vestfirðinga

Hlutverk siðareglna er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna. Þær þarf að kynna öllum hlutaðeigandi.

Staða siðareglna er mismunandi, allt frá því að vera leiðbeinandi yfir í það að hafa refsíákvæði af ýmsum gerðum. Í tilfelli íþróttafélags er ekki þörf á að hafa refsíákvæði þar sem þau er að finna í keppnisreglum einstakra íþróttagreina.

Siðareglur

1. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
2. Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar.
3. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnmalaskoðanir.
3. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
4. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
5. Taktu ekki við gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.

6. Þiggðu aldrei mútur.
7. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
8. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

Hegðunarviðmið

Fyrir iðkendur

1. Gerðu alltaf þitt besta.
2. Þekktu reglur íþróttagreinarinnar og vertu háttvís í hvívetna.
3. Taktu þátt af því það er gaman, á eigin forsendum en ekki til að þjóna hagsmunum styrktaraðila, foreldra eða þjálfara.
4. Berðu virðingu fyrir öðrum.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart öðrum iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig.
7. Gerðu þér grein fyrir því að þú ert fyrirmynd þeirra sem yngri eru.
8. Hafðu heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðastu að taka áhættu varðandi heilsu þína.

Fyrir þjálfara

1. Vertu iðkendum þínum góð fyrirmynd.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu iðkenda.
3. Skapaðu möguleika fyrir iðkendur til að þroska og nýta hæfileika sína og gættu þess að æfingar hæfi aldri og þroska.
4. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómarar taka.
6. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
7. Hrósaðu iðkendum og taktu tillit til aldurs og þroska. Viðhafðu jákvæða gagnrýni.
8. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
9. Sýndu athygli og umbyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
10. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara eða sérfræðinga þegar þess þarf.
11. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða hjá öðrum þjálfurum.
12. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.

13. Hafðu ávallt heilsu og heilbrigði iðkenda þinna í huga og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti þessum þáttum.
14. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks.
15. Talaðu ávallt gegn notkun ólöglegra lyfja.
16. Sæktu reglulega endurmenntun.
17. Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
18. Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.
19. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar
20. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með skriflegu leyfi foreldra
21. Forðastu náð samband við iðkanda, fyrir utan æfingar- og keppnistíma.
22. Beittu (iðkanda) aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.

Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Stattu vörð um grunngildi íþróttahreyfingarinnar.
2. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna.
3. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, litarhætti og kynhneigð.
4. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku innan félagsins.
5. Vertu til fyrirmyndar í framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur.
7. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
8. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
9. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
10. Rektu félagið ávallt eftir löglegum og ábatasömum reikningsaðferðum.
11. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað félagsins.
12. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.

Fyrir foreldra og forráðamenn

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt sín vegna, ekki þín vegna.
2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum en ekki þvinga það.
3. Útskýrðu fyrir barninu að starfið fari fram eftir ákveðnum reglum og kenndu því að leysa úr ágreiningi.

4. Styddu og hvettu öll börn og ungmenni, ekki bara þín eigin, bæði við æfingar og keppni.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
7. Berðu virðingu fyrir ákvöðrðunum dómara og annarra starfsmanna.
8. Berðu virðingu fyrir réttindum barna.
9. Upplýstu um stríðni og/eða áreiti.
10. Lærðu að meta þátttöku sjálfbóðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.

Úthlutunarreglur íbúða HSV

Almennar reglur:

Samningar við aðildarfélögin eru gerðir í maí og september ár hvert og skulu óskir um íbúðir vera sendar inn fyrir 1. janúar og 1. ágúst. Í umsókninni skal koma fram hversu margar íbúðir félagið óskar eftir, fyrir hvern íbúðin er ætluð þ.e. þjálfara/leikmenn eða hvortveggja og til hvers langs tíma félagið óskar eftir íbúðinni. Samningur er aðeins gerður til eins árs, nema í undantekningartilfellum. Hvert félag getur ekki verið með nema eina íbúð í leigu í einu í hámarksleigutíma. Ef svo ber undir gætu félög þurft að samnýta íbúð. Leiguíbúðir HSV eru ekki lausn á framtíðarhúsnæði íþróttafélaga og ber að líta á þær sem skammtímalausn fyrir þjálfara og leikmenn. Félag með íbúð í leigu ber fulla ábyrgð á skemmdum í íbúðinni. Horft verður til menntunar þjálfara s.s. íþróttatræðingur, íþróttakennari og/eða með þjálfaramenntun.

Forgangsreglur

1. Fyrsti forgangsflokkur: Þjálfarar á barna- og unglingastigi.
 - a. Forgangur á þjálfurum á barna og unglingastigi.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Nýting á þjálfara gefur forgang í íbúðina þ.e.a.s. er hann nýttur fyrir marga flokka og/eða árganga og fjölda iðkenda.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
 - iv. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
2. Annar forgangsflokkur: Aðrir þjálfarar.
 - a. Forgangur á aðra þjálfara.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.

Ársskýrsla 2018

- iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
- 3. Þriðji forgangsflokkur: Leikmenn.
 - a. Forgangur vegna leikmanna.
 - i. Taka skal mið af keppnistímabili leikmanna.
 - ii. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu hefur það forgang.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

Taka skal allar umsóknir fyrir á stjórnarfundum HSV og mun stjórnin taka ákvarðarnir um leiguíbúðir samkvæmt þessum reglum.

Aðildarfélög og formenn félaga í lok árs 2018

Aðildarfélög HSV	Formaður
Golfklúbbur Ísafjarðar	Kristinn Kristjánsson
Golfklúbburinn Gláma	
Hestamannafélagið Hending	Marinó Hákonarson
Hestamannafélagið Stormur	Viktor Pálsson
Íþróttafélagið Höfrungur	Sigmundur Þórðarson
Íþróttafélagið Ívar	Harpa Björnsdóttir
Íþróttafélagið Stefnir	Svava Rán Valgeirsdóttir
Knattspyrnufélagið Hörður	Salmar Már Salmarsson
Kraftlyftingafélagið Víkingur	Ingibjörg Óladóttir
Skíðafélag Ísfirðinga	Díana Jóhannsdóttir
Skotíþróttafélag Ísafjarðar	Björn Bergsson
Tennis- badmintonfélag Ísafjarðar	Guðmundur E. Kjartansson
Ungmennafélagið Geisli	Birgir Ragnarsson
Íþróttafélagið Grettir	Steinunn Guðný Einarisdóttir
Íþróttafélagið Kubbi	G. Sigríður Þórðardóttir
Sæfari	Veiga Grétarsdóttir
Vestri íþróttafélag	Hjalti Karlsson

Heiðursviðurkenningar HSV

Silfurmerki

Gullmerki

2002

Guðjón M. Þorsteinsson	KFÍ	Jón Kristmannsson	KFÍ
Óli Reynir Ingimarsson	KFÍ	Óli M. Lúðvíksson	BÍ
Sigmundur F. Þórðarson	Höfrungur	Guðmundur Ágústsson	SFÍ
Bergmann Ólafsson	SFÍ	Gunnlaugur Jónasson	SFÍ
		Hafsteinn Sigurðsson	SFÍ

2003

2004

Óskar Kárasón	SFÍ	Gylfi Guðmundsson	SFÍ
		Kristján Rafn	
Þröstur Jóhannsson	SFÍ	Guðmundsson	SFÍ
		Páll Sturlaugsson	SFÍ
		Halldór Margeirsson	SFÍ

2005

Björn Helgason

2006

Kristján Jóakimsson	Vestri	Guðbjörn Björnsson	Stefnir
Sigrún Sigvaldadóttir	Vestri	Eiríkur Jónsson	Stefnir
Kristján Pálsson	BÍ	Guðrún Guðjónssdóttir	Stefnir
Þorsteinn Þráinsson	KFÍ	Helga Ásgreímsdóttir	Stefnir
Harpa Björnsdóttir	Ívar	Sigrún Sturludóttir	Stefnir
Hermann Níelsson	Hörður	Aðalheiður Frðbertsdóttir	Stefnir
Tryggvi Guðmundsson	GÍ	Ingibjörg Jónasdóttir	Stefnir
Steingrímur Guðmundsson	Stefnir	Eva Sturludóttir	Stefnir
Anna Bjarnadóttir	Stefnir	Lilja Magnúsdóttir	Stefnir
Arnar Guðmundsson	Stefnir		
Deborah Anne Ólafsson	Stefnir		

Ársskýrsla 2018

2007

Baldur Ingi Jónasson	KFÍ
Halldór Sveinbjörnsson	Sæfari
Finnur Magnússon	HSV
Jens Magnússon	Skotís
Ari Hólmsteinsson	Skotís

2008

Guðmundur Ásgeirsson	BÍ88	Kristján Pálsson	BÍ88
Svavar Þór Guðmundsson	BÍ88		
Pétur Jónsson	BÍ88		

2009

Guðríður Sigurðardóttir	HSV
Rannveig Pálsdóttir	HSV
Hermann Níelsson	Hörður

2010

Marinó Hákonarson	Hending	Harpa Björnsdóttir	Ívar
Margrét Eyjólfsdóttir	Vestri		
Guðni Guðnason	KFÍ/HSV		

2011

Ásdís Birna Pálsdóttir	Skellur
------------------------	---------

2012

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir	SFÍ
Hjalti Karlsson	SFÍ
Kristbjörn R. Sigurjónsson	SFÍ

2013

Friðgerður Ómarsdóttir		Guðjón Þorsteinsson	KFÍ
Gísli Jón Kristjánsson			
Sigríður Jónsdóttir	Hending		
Þorsteinn Magnfreðsson	Hending		

2014

Óðinn Gestsson	KFÍ	Jóhann Króknes Torfason	BÍ88
Ingólfur Þorleifsson	KFÍ		

Ársskýrsla 2018

2015			
Jónas Gunnlaugsson	SFÍ		
Þórunn Pálsdóttir	SFÍ		
Sigurður Erlingsson	SFÍ		
Gunnar Sigurðsson	SFÍ		
Hildur Elísabet Pétursdóttir	BÍ88		
Stella Hjaltadóttir	BÍ88		
Hannes Hrafn Haraldsson	BÍ88		
Harpa Grímsdóttir	Skellur		
Sólveig Pálsdóttir	Skellur		
Þorgerður Karlsdóttir	Skellur		
2016			
Sophus Magnússon		Jens Kristmannsson	Kubbi/ÍBÍ
Guðmundur Valdimarsson	Skotípr.	Tryggvi Sigtryggsson	GÍ - ÍBÍ
Valur Richter	Skotípr.		
2017			
Stefanía Ásmundsdóttir	HSV	Tofi Einarsson	Herði/Sæfara
Hanna Mjöll Ólafsdóttir	Vestra		
Grétar Eiríksson	Herði		
Svava Rán Valgeirsdóttir	Stefni		
2018			
Birna Lárusdóttir	Vestra	Óskar Kárason	SFÍ
Guðfinna Heiðarsdóttir	Vestra	Sigmundur Fr. Þórðarson	Höfrungi
Heiðrún Tryggvadóttir	Vestra		
Kristján Kristjánsson	Vestra		
Jakob Ólafur Tryggvason	SFÍ		
Jóhanna Oddsdóttir	SFÍ		
Guðrún Snæbjörg Sigþórsd.	Höfrungi		
Gunnar Bjarni Guðmundsson	HSV		

Félaga og iðkendatal HSV 2018

Félag	Félagar			Iðkendur		
	Yngri en 18 ára	18 ára og eldri	Samtals	Yngri en 18 ára	18 ára og eldri	Samtals
Golfklúbbur Ísafjarðar	11	126	137	11	126	137
Golfkl. Gláma	0	0	0	0	0	0
Hestam.f. Hending	7	35	42	7	35	42
Hestam.f. Stormur	41	90	131	17	80	97
Hörður	188	284	472	187	91	278
Grettir	33	98	131	27	8	35
Höfrungur	23	240	263	26	85	111
Ívar	4	40	44	4	14	18
Stefnir	54	111	165	59	11	70
Vestri	473	951	1424	644	92	736
Siglingaf. Sæfari	20	260	280	19	31	50
Skiðafélagið	164	344	508	152	9	161
Skotíþróttaf. Ísafj	21	240	261	12	183	195
TBÍ	0	0	0	0	0	0
Geisli	37	182	219	30	41	71
Kubbi	0	61	61	0	61	61
Víkingur	0	0	0	0	0	0
Samtals	1076	3062	4138	1195	867	2062

Félaga- og iðkendatal HSV 2017

Félag	Félagar			Iðkendur		
	Yngri en 18 ára	18 ára og eldri	Samtals	Yngri en 18 ára	18 ára og eldri	Samtals
Golfklúbbur Ísafjarðar	14	120	134	14	117	131
Golfkl. Gláma	0	0	0	0	0	0
Hestam.f. Hending	5	34	39	2	31	33
Hestam.f. Stormur	44	85	129	22	75	97
Hörður	170	274	444	173	68	241
Grettir	33	95	128	29	6	35
Höfrungur	28	235	263	36	74	110
Ívar	3	38	41	3	12	15
Stefnir	48	105	153	45	10	55
Vestri	491	931	1422	581	104	685
Siglingaf. Sæfari	29	252	281	27	23	50
Skiðafélagið	109	395	504	79	3	82
Skotíþróttaf. Ísafj	19	192	211	19	192	211
TBÍ	0	0	0	0	0	0
Geisli	40	179	219	31	38	69
Kubbi	0	61	61	0	61	61
Víkingur	0	0	0	0	0	0
Samtals	1033	2996	4029	1061	814	1875

Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarféлага HSV

	Framlög						
	Ísafjarðarbær	Lottó	Getraunir	Skattur	Eftirstöðvar	Tryggingar	Samtals
Golfklúbbur Ísa	106.780 kr.	298.164 kr.	10.626 kr.	-20.550 kr.	395.020 kr.	-21.033 kr.	373.987 kr.
Gláma	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	- kr.
Hestam.f. Henc	42.656 kr.	118.964 kr.	4.240 kr.	-6.300 kr.	159.560 kr.	-6.237 kr.	153.323 kr.
Hestam.f. Storr	87.756 kr.	245.690 kr.	8.756 kr.	-19.650 kr.	322.553 kr.	-18.338 kr.	304.215 kr.
Hörður	360.656 kr.	1.023.301 kr.	36.469 kr.	-70.800 kr.	1.349.627 kr.	-63.729 kr.	1.285.898 kr.
Grettir	59.194 kr.	166.997 kr.	5.952 kr.	-19.650 kr.	212.493 kr.	-18.804 kr.	193.690 kr.
Höfrungur	108.513 kr.	304.395 kr.	10.848 kr.	-39.450 kr.	384.305 kr.	-40.268 kr.	344.037 kr.
Ívar	25.502 kr.	70.821 kr.	2.524 kr.	-6.600 kr.	92.246 kr.	-6.728 kr.	85.518 kr.
Stefnir	110.163 kr.	312.271 kr.	11.129 kr.	-24.750 kr.	408.813 kr.	-22.960 kr.	385.853 kr.
Vestri	1.078.107 kr.	3.068.586 kr.	109.360 kr.	-213.600 kr.	4.042.453 kr.	-197.749 kr.	3.844.704 kr.
Siglingaf. Sæfa	65.852 kr.	184.709 kr.	6.583 kr.	-42.000 kr.	215.144 kr.	-43.132 kr.	172.012 kr.
Skíðafélagið	259.593 kr.	737.969 kr.	26.300 kr.	-76.200 kr.	947.662 kr.	-70.821 kr.	876.841 kr.
Skotíþróttaf. Ísa	146.741 kr.	409.660 kr.	14.600 kr.	-39.150 kr.	531.851 kr.	-40.068 kr.	491.783 kr.
TBÍ	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	- kr.
Geisli	0 kr.	243.362 kr.	8.673 kr.	-32.850 kr.	219.185 kr.	-32.492 kr.	186.692 kr.
Kubbi	48.486 kr.	134.531 kr.	4.794 kr.	-9.150 kr.	178.661 kr.	-9.650 kr.	169.011 kr.
Víkingur	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	- kr.
Samtals	2.500.000 kr.	7.319.420 kr.	260.853 kr.	-620.700 kr.	9.459.573 kr.	-592.010 kr.	8.867.563 kr.

Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar frá upphafi

Nafnalisti ártal og íþróttagrein

Guðmundur Jóhannsson	1980	skíðamaður
Einar Ólafsson	1981	skíðamaður
Stella Hjaltadóttir	1982	skíðamaður
Einar Ólafsson	1983	skíðamaður
Ingólfur Arnarson	1984	sundmaður
Einar Ólafsson	1985	skíðamaður
Helga Sigurðardóttir	1986	sundmaður
Einar Ólafsson	1987	skíðamaður
Einar Ólafsson	1988	skíðamaður
Helga Sigurðardóttir	1989	sundmaður
Helga Sigurðardóttir	1990	sundmaður
Helga Sigurðardóttir	1991	sundmaður
Ásta S. Halldórsdóttir	1992	skíðakona
Daníel Jakobsson	1993	skíðamaður
Pétur Þór Gretarsson	1994	golfari
Ásta S. Halldórsdóttir	1995	skíðakona
Arnór Þ. Gunnarsson	1996	skíðamaður
Friðrik E. Stefánsson	1997	körfuboltamaður

Ársskýrsla 2018

<i>Sigríður B. Þorláksdóttir</i>	1998	<i>skíðakona</i>
<i>Ólafur Th. Árnason</i>	1999	<i>skíðamaður</i>
<i>Katrín Árnadóttir</i>	2000	<i>skíðakona</i>
<i>Heiðar Ingi Marinóson</i>	2001	<i>sundmaður</i>
<i>Ólafur Th. Árnason</i>	2002	<i>skíðamaður</i>
<i>Ólafur Th. Árnason</i>	2003	<i>skíðamaður</i>
<i>Sigurður G. Þorsteinsson</i>	2004	<i>körfuboltamaður</i>
<i>Jakob Einar Jakobsson</i>	2005	<i>skíðamaður</i>
<i>Þórir Guðmundsson</i>	2006	<i>körfuboltamaður</i>
<i>Sólveig G Guðmundsdóttir</i>	2007	<i>skíðakona</i>
<i>Ragney Líf Stefánsdóttir</i>	2008	<i>sundkona</i>
<i>Emil Pálsson</i>	2009	<i>knattspyrnumaður</i>
<i>Emil Pálsson</i>	2010	<i>knattspyrnumaður</i>
<i>Thelma Rut Jóhannsdóttir</i>	2011	<i>skíðakona</i>
<i>Eva Margét Kristjánsdóttir</i>	2012	<i>körfuboltakona</i>
<i>Kristín Þorsteinsdóttir</i>	2013	<i>sundkona</i>
<i>Kristín Þorsteinsdóttir</i>	2014	<i>sundkona</i>
<i>Kristín Þorsteinsdóttir</i>	2015	<i>sundkona</i>
<i>Kristín Þorsteinsdóttir</i>	2016	<i>sundkona</i>
<i>Albert Jónsson</i>	2017	<i>skíðamaður</i>
<i>Elmar Atli Garðarson</i>	2018	<i>knattspyrnumaður</i>

Ferðasjóður ÍSÍ

Ferðasjóður ÍSÍ hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir aðildarfélög HSV og hafa þau verið dugleg að sækja í sjóðinn. Mjög mikilvægt er að öll félög sendi inn í ferðasjóðinn fyrir þann ferðakostnað sem styrkhæfur er. Íþróttafélögin í landinu geta með þessu móti sýnt fram á það hversu mikill kostnaður er fólgin í ferðalögum og hversu brýnt er að hann verði efldur til mikilla muna.

Landsbyggðarstuðullinn sem settur var á fyrir fjórum árum er að vinna vel með félögunum úti á landi sem sýnir sig í hærri styrk til HSV. Stofnun Vestra hefur líka áhrif en með því að sækja um styrki undir sama félaginu þá fæst betri hlutdeild í pottinum því að heildarupphæð umsóknar hvers félags hefur áhrif á útgreiðsluhlutfall.

Skýrslur aðildarfélaga HSV



Golfklúbbur Ísafjarðar

Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar 2018:

Kristinn Þórir Kristjánsson, formaður, Jakob Ólafur Tryggvason, varaformaður, Bjarki Bjarnason, gjaldkeri, Kristín Hálfðánsdóttir, ritari, Guðni Ólafur Guðnason, meðstjórnandi, Kristján Ásgeirsson meðstjórnandi og , Guðbjörn Salmar Jóhannsson meðstjórnandi.

Varastjórn:

Guðjón Helgi Ólafsson, Anton Helgi Guðjónsson og Einar Gunnlaugsson

Skoðunarmenn reikninga:

Jens Andrés Guðmundsson og Baldur Geirmundsson.

Fastanefndir klúbbsins:

Forgjafanefnd:

Gunnar Sigurðsson, formaður og Kristinn Þórir Kristjánsson.

Húsnefnd:

Guðni Ólafur Guðnason.,formaður,

Mótanefnd:

Guðbjörn Salmar Jóhannsson, formaður og Guðni Ólafur Guðnason.

Unglinganefnd

Jakob Ólafur Tryggvason, formaður, Guðjón Helgi Ólafsson og Jóhann Bæring Pálmason

Vallarnefnd:

Kristján Ásgeirsson, formaður, Gunnlaugur Einarsson, Finnur Magnússon, Reynir Pétursson og Tryggvi Sigtryggsson

Kvennanefnd:

Kristín Hálfðánsdóttir, formaður og Anna Guðrún Sigurðardóttir.

Öldunganefnd:

Finnur Magnússon

Aganefnd:

Tryggvi Guðmundsson, formaður, Tryggvi Sigtryggsson.

Félagsstarf

Á þessum aðalfundi GÍ áttu að ganga úr stjórn: Jakob Ólafur Tryggvason, Bjarki Bjarnason, og Kristín Hálfðásdóttir. Kristín, Bjarki og Jakob hafa ákveðið að gefa kost á áframhaldandi setu í stjórn.

Á árinu voru haldnir 11 stjórnarfundir, Formlegt starfsár Golfklúbbsins hófst með opnun golfvallar þann 16. maí.

Eftir endurskoðun á félagatali í lok sumars voru skráðir félagar í golfklúbbsnum 150 það er svipað og á síðasta ári. Aðsókn að golfvellið í sumar var að mjög góð en skráning í gestabók var ekki í samræmi við aðsókn. Góð aðsókn var að golfvellið.

Starfsmannamál

Anton Helgi Guðjónsson var ráðinn vallarstjóri, Ásgeir Kristjánsson var ráðinn aðstoðarmaður. Einnig sá Finnur Magnússon um golfskálann. Auk þeirra voru 4 unglingar frá vinnuskólanum í vinnu á golfvellið í júní og júlí. Öllum þessum starfsmönnum er færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samningi við HSV sá GÍ áfram um slátt og umhirðu þúttvallarins við Hlíf í sumar í góðri samvinnu við Félag eldri borgara. Þúttvöllurinn hefur aldrei verið í eins góðu ástandi eins og í sumar, Reynir Pétursson á þakkir skilið fyrir umhirðu þúttvallar.

Æfingar og æfingaaðstaða

Það voru skipulagðar inniæfingar sem Auðunn Einarsson stjórnaði frá janúar til apríl 2018. Golfhermir og þúttvöllur voru sett upp í nýju húsnæði GÍ á Ísafirði sem fékk nafnið Sundagolf eftir skoðanakönnun á meðal félagsmanna Þessi þjónusta var opin fyrir félagsmenn. Eldri borgarar voru með þúttæfingar í eitt eða tvö skipti.

Barna -og unglinganefnd

Æfingar hófust fyrir börn og unglinga í byrjun júní, Anton Helgi tók að sér að kenna börnum og unglingum sumarið 2018.

Halda þarf enn betur utan um og efla barna-og unglingastarf til að ná til fleiri yngri kylfinga. Til þess þarf að kynna golfíþróttina enn betur í skólum, auka æfingar og mót yfir sumartímann.

Kvennastarf

Kvennastarf var í sumar eins og undanfarin ár. Skipulagðir voru golftímar fyrir konur á Þriðjudögum kl.17:00. Þessir tímar voru nokkuð vel sóttir.

Vallarmál

Golfvöllurinn kom vel undan vetri, er það helst að þakka þeim dugnaðarforkum sem tóku að sér að brjóta klaka af grínum í febrúar. Nokkrir eldri félagar voru duglegir að undirbúa völinn fyrir sumarið og hefur það eflaust átt sinn þátt í að völinn kom betur undan vetri.

Snemma vors voru allar flatirnar skornar upp og sáð í þær. Sú aðgerð tókst mjög vel, líklega vegna góðs hita í vor. Aftur voru þrjár flatir skornar í júlí og sáð í þær. Árangurinn af þessum aðgerðum var mjög góður og eru flatirnar allar frábærar. Vonandi verður þessi vetur góður og við sleppum við kal þannig að flatirnar verði í góðu ástandi næsta sumar.

Áfram var unnin eftir uppbyggingaráætlun fyrir framkvæmdir á golfvöllinum til næstu ára, samkvæmt teikningu Hannesar Þorsteinssonar golfvallarhönnuðar sem samþykkt var á aðalfundi GÍ árið 2013. Í framhaldi af því var sótt um uppbyggingstyrk til Ísafjarðarbæjar, sem veitti golfklúbbum styrk upp á kr. 3.500.000. Unnið var eftir verkáætlun sem gerð var fyrir árið 2018. Áætlað er að gera nýjan teig á 9.braut og lengja hana um 25.metra, einnig verður farið í að loka skurð fyrir framan kvenna teig á 9.braut, það verður farið í að stækka og laga innkomu inn á 4.grín, einnig verður farið í að lengja göngustíg á 7.braut, hann mun liggja meðfram 8.teig að neðan verðu.

Stjórnarmenn fóru í að skoða hvort við gætum fengið land til að stækka völinn um þrjár holur, lagst var í vinnu við að teikna og sækja um land austan megin Tunguár

Vélamál

Ástand vinnuvéla klúbbsins er í nokkuð góðu lagi. Klúbburinn hefur yfir að ráða tveimur stórum brautavélum, röffvél, stórri flatarsláttuvél, hand-flatarsláttvél og tveimur minni vélum.

Eins og tvö undanfarin ár hefur stjórnin rætt um að það þurfi að endurnýja vélakost klúbbsins. Mögulegt er að fjármagna kaupin að hluta með sölu á gömlu brautarvélinni. Til framtíðar þarf að gera áætlun um kaup á öðrum vélum til viðhalds golfvallarins.

Húsnæðismál

Á síðasta aðalfundi var m.a.rætt um hvort hægt væri að byggja aðstöðu fyrir golfsett undir sólpallinum þar sem mikill eftirspurn er eftir skápum. Því miður hefur ekkert meira verið unnið í þeim málum.

Ársskýrsla 2018

Mótahald

Mótahald var með svipuðu sniði og s.l. ár. Haldin voru 26 golfmót á vegum GÍ sem er 4 færri en árið áður. Fjölmennasta mótið var Afmælistímið með 45 keppendur en almennt var þátttaka í mótum heldur lakari en árið 2017. Alls voru 589 keppendur 2018 sem er 12 færri en árið 2017.

Meistaramót GÍ var haldið dagana 2. – 5. júlí. Keppt var í unglinga-, kvenna- og karlaflokkum. Keppendur voru 31 og eru það 3 fleiri en árið áður.

Meistarar Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2018 eru:

- | | |
|-------------------|-----------------------------|
| 1. flokkur karla: | Anton Helgi Guðjónsson |
| 2. flokkur karla: | Ásgeir Óli Kristjánsson |
| Kvennaflokkur: | Anna Guðrún Sigurðardóttir |
| Unglingaflokkur: | Jón Gunnar Shiransson |
| Öldungaflokkur: | Kristinn Þórir Kristjánsson |

Sveitakeppni GSÍ í 2. deild fór að þessu sinni fram í Keflavík. Sveit GÍ var að þessu sinni skipuð eftirtöldum kylfingum: Anton Helgi Guðjónsson, Auðunn Einarsson, Einar Gunnlaugsson, Stefán Óli Magnúson, Janusz Pawel Duszak, Baldur Ingi Jónason, Ófeigur Jóhann Guðjónsson, Karl Ingi Vilbergsson. Liðstjóri var Einar Gunnlaugsson og sá hann um allan undirbúning liðs GÍ fyrir keppnina. Sveit GÍ lenti í 5. sæti og spilar í 2. deild á næsta ári.

Skálameistaramótin voru 10. og leikið var á fimmtudögum. Þátttakendur í þeim voru 126, en voru 190 árið áður. Mótin hófust kl. 18.30 og voru þátttakendur dregnir saman í lið og ræst út á öllum teigum. Markmiðið með þessum mótum er að nýliðar öðlist keppnisreynslu og fá tækifæri til að spila með sér reyndari kylfingum.

Skálameistarar GÍ 2018 eru:

- | | |
|----------------|------------------------|
| Kvennaflokkur: | Ásdís Birna Pálsdóttir |
| Karlaflokkur: | Baldur Ingi Jónason |

Rekstur

Afkoma ársins er lakari en 2017 sem skýrist aðallega af fyrningu véla, hærri launakostnaði og hærri kostnaðar vegna viðhaldi véla.

Frekari skýringar og umfjöllun um reksturinn koma fram í reikningum klúbbsins sem lagðir verða fram hér á eftir.

Helstu tekjuliðir voru eins og áður félagsgjöld, flatargjöld, mótsgjöld, rekstur golfskála, styrktarsamningar og þjónustusamningur við HSV. Eins og áður greiðir Ísafjarðarbær laun fyrir einn starfsmann í 5 mánuði og lagði til vinnu 4 unglinga frá Vinnuskólanum.

Ársskýrsla 2018

Rekstur Golfklúbbs Ísafjarðar og golfvallarins í Tungudal er háður stuðningi margra aðila. Bæjarstjórn, fyrirtæki og einstaklingar hafa styrkt klúbbinn með magvíslegum hætti. Það er einnig mikill styrkur fyrir klúbbinn hvað margir félagsmenn eru tilbúnir að leggja fram sjálfboðavinnu við margvíslegar framkvæmdir á golfvöllinum auk þess hvað það styrkir félagsstarfið.

Lokaorð.

Rekstur golfklúbbsins gekk að mörgu leyti vel í ár. Uppbygging og breytingar á golfvöllinum hafa gengið mjög vel samkvæmt nýju skipulagi. Vonandi verður hægt að halda þeirri vinnu áfram og ljúka við uppbygginguna á næstu árum. Þá ætti golfvöllurinn í Tungudal að geta orðið einn af bestu 9 holu golfvöllum landsins.

Í skýrslu þessari hefur verið farið yfir starfsemi GÍ á liðnu starfsári. Ég þakka félagsmönnum sérstaklega árangursríkt og ánægjulegt samstarf svo og öðrum stjórnar- og nefndarmönnum

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til formennsku í klúbbnum eftir gott golf sumar.

16. nóvember 2018

Kristinn Þórir Kristjánsson, formaður GÍ

Íþróttafélagið Ívar

Starfsskýrsla Íþróttafélagsins Ívars, febrúar 2017 – mars 2018.

Starfsemi Ívars hefur verið með hefðbundnum hætti á þessu starfsári. Bocciaæfingar hafa verið 2x í viku, sundæfingar 3 x í viku og badminton 2 x í viku. Auk þess hafa verið þrekæfingar á laugardögum.

Kristín tók þátt í landsliðs æfingabúðum ÍF í sundi þann 19. -21. janúar.

Kristín tók síðan þátt í Gullmóti KR í sundi þann 9. febrúar.

Góumót Kubba í boccia var haldið 11. mars og tók Ívar þátt í því og sendi 3 lið. Í 1. Sæti var blandað lið Ívars og Kubba með Stínu, Gumma og Gunnlaugi (Kubba) Að móti loknu var öllum boðið í kaffi.

Ársskýrsla 2018

Íslandsmót ÍF sveitakeppni í boccia var haldið í Reykjavík helgina 13. til 16. apríl. Sendi Ívar keppendur og gekk ágætlega. Var Ásta í 3. sæti í rennuflokki.

20.- 22. apríl tók Kristín þátt í Íslandsmóti ÍF í sundi 50m laug. Kom Kristín heim hlaðin verðlaunum og með tvö Íslandsmet í farteskinu.

6. maí tóku Kristín, Patrycja og Anna þátt í Asparmótinu í sundi.

9. maí var aðalfundur HSV og var Ívar með veitingar á fundinum sem fjáröflun.

Halldórs Högnar mótið var haldið á Þingeyri þann 13. maí.

26. maí var Ívar með penna og merkja sölu á kjörstað. (upptakara og lyklakippur)

Miðvikudaginn 30. maí voru haldin vertíðalok og komu allir saman í Hrafnakletti þar sem við grilluðum pylsur. Veittar voru viðurkenningar og fékk Patrycja Hvatningsbikarinn og Guðný Sæbjörg Guðbjartsbikarinn.

Hefðbundið vetrarstarf Ívars hófst í September með æfingum í sundi, boccia og borðtennis.

5 - 8. október var Íslandsmót ÍF í einstaklingskeppni í boccia í Vestmannaeyjum. Gekk ágætlega hjá liðsmönnum Ívars og Varð Ómar Íslandsmeistari í 3.deild.

14. október hélt Ívar fyrirtækjamót í boccia. Var þáttaka ágæt en þó var eitthvað um að lið mættu ekki til keppni.

9. nóvember keppti Kristín á Íslandsmóti ÍF í 25m. Gekk henni mjög vel að vanda.

Ekki var haldið Magnúsarmót í boccia á Þingeyri þetta árið, en er ekki enn útséð hvort það verði á vormánuðum.

19. desember héldum við litlu jólin á Hótel Ísafirði og var það róleg jólastund þar sem við fengum okkur heitt súkkulaði og veitingar.

Auk þess að selja merki og penna á kjörstað eins og kom fram hér að framan og Fyrirtækjamótsins s Einnig erum við að fá dósir af Júlíusi Geirmundssyni ÍS og Ásdísi ÍS ásamt því að frá flöskur og dósir frá vel viljuðum einstaklingum.

Harpa Björnsdóttir

Formaður Ívars

Stefnir

Stjórn Stefnis árið 2018

Á aðalfundi félagsins 5. apríl 2016 var kosin ný stjórn og er hún þannig skipuð:

Svava Rán Valgeirsdóttir formaður
Svala Sigríður Jónsdóttir ritari
Þorgerður Karlsdóttir gjaldkeri
Dominik Bochra meðstjórnandi
Tara Óðinsdóttir meðstjórnandi



Íþróttastarf 2017

Starfið var með nokkuð hefðbundnu sniði á síðasta starfsári, æfingar voru í blaki fyrir krakka en óhætt er að segja að mikill áhugi er á blakinu og hafa krakkar frá Suðureyri verið að standa sig mjög vel á blakmótum. Áhugi krakka á fótbolta hefur aukist mjög og skemmtilegt er frá því að segja að nokkrir krakkar komu að máli við stjórnina og óskuðu eftir fótboltaæfingum. Var það virkilega skemmtilegt og sem betur fer tókst okkur að verða við því en oft er mesti vandinn hjá okkur við að útvega þjálfara. Reynt var að fá körfuboltaþjálfara í gegnum HSV, en því miður tókst það ekki fyrir þetta starfsár en vonum að það náist á því næsta. Íþróttaskólinn var starfræktur árið 2018 en vorönnin byrjaði þó ekki fyrr en í mars og haustönnin í nóvember. Það sem var boðið upp á var mjög skemmtilegt og þátttaka góð. Að venju var boðið uppá sund- og leikjánaðmskeið yfir sumartímann. Af stóru verkefnum þessa árs er helst að nefna samstarfssamning Stefnis og Ísafjarðarbæjar vegna uppsetningar á útihreystitækjum. Það er von okkar að tækin muni nýtast almenningi á Suðureyri vel og vera skemmtileg viðbót við íþróttaiðkun íbúanna.

Námskeið á síðasta starfsári

Körfubolti: Tímar fyrir unglunga og fullorðna, Þormóður Logi Björnsson og Krzysztof Duda höfðu umsjón með tímunum.

Blak: Blakæfingar voru fyrir krakka í 1. – 5. bekk á síðasta starfsári. Þorgerður Karlsdóttir og Tihomir Paunovski voru með þessar æfingar.

Fjölskyldutími í íþróttahúsinu: Foreldrum og börnum var boðið upp á frjálstan tíma í íþróttahúsinu einu sinni í viku.

Sundnámskeið: Í sumar var boðið upp á sundnámskeið fyrir börn á aldrinum 4–14 ára. Frábær mæting var á námskeiðið en þrettán börn voru í yngri hópnum og sautján í þeim eldri. Þjálfari var Stella Hjaltadóttir íþróttakennari. Aldís Jóna Haraldsdóttir aðstoðaði hana.

Leikjanámskeið: Skemmtilegt og fjölbreytt námskeið fyrir börn á aldrinum 7–14 ára. Mjög góð þátttaka var á námskeiðinu en um 20 börn tóku þátt. Stella Hjaltadóttir íþróttakennari var með námskeiðið, unglingar úr vinnuskólanum aðstoðuð og einnig var Aldís Jóna Haraldsdóttir með hópnum þegar farið var í lengir ferðir.

Leikjakvöld: Tvö leikjakvöld voru sl. sumar.

Íþróttaskóli HSV fyrir 1.-4. bekk: Það hefur oft reynst erfitt að fá kennara til að vera með æfingar á Suðureyri og þetta starfsárið byrjaði HSV skólinn ekki fyrr en í mars. En þá var boðið upp á fjölbreyttar og skemmtilegar boltaæfingar. Þjálfari var Óskar Jón Guðmundsson. Á haustönninni byrjaði skólinn síðan ekki fyrr en í nóvember með sundkennslu sem Catherine Patricia Chambers sá um. Einu sinni í viku var grunnþjálfun sem Þorgerður Karlsdóttir sá um. Góð aðsókn var í íþróttaskólann og áhugi mikill hjá krökkunum.

Fótbolti: Boðið var uppá tíma fyrir krakka í 1.-6. bekk og þjálfari var Óskar Jón Guðmundsson. Dominik Bochra var síðan með tíma einu sinni í viku fyrir 5.–10. bekk.

Mót og uppákomur á vegum félagsins

Víðavangshlaup: Að venju stóð félagið fyrir víðavangshlaupi þann 17. júní. Góð þátttaka var í hlaupinu. Svanfríður Guðný Þorleifsdóttir kom fyrst í mark og er hún fyrsti kvenmaðurinn til þess að vinna Víðavangshlaup Stefnis.

Öskudagsball: Að venju var haldið Öskudagsball í félagsheimilinu í samvinnu við foreldrafélag Grunnskólans.

Stefnisganga: Í ár var gengið frá Botni út í Selárdal. Gengið var um veginn þannig að það var auðvelt fyrir flesta að taka þátt í göngunni. Mæting var eftir því góð en alls tóku 23 þátt og mikið af ungum krökkum sem voru hörkudugleg að ganga þessa leið.

Þátttaka á mótum

Fosshótelmót Patreksfirði: Krökkum úr Stefni bauðst að taka þátt í skemmtilegu fótboldamóti fyrir 8.-4. flokk á Patreksfirði sl. sumar. Stefnir keppti með sameiginlegu liði frá Patreksfirði og Tálknafirði.

Blakmót á Seyðisfirði: Nokkrir krakkar frá Suðureyri tóku þátt í því móti og styrkti Stefnir krakkana.

Jólablakmót Vestra: Þeir krakkar sem eru að æfa blak með Stefni tóku þátt í blakmótinu.

Fjáröflun

Dósa- og flöskusöfnunar, áramóta- og vorhreinsun, greitt er í gegnum þjónustusamning Ísafjarðarbæjar við HSV. Vinna á Sjómannadaginn við pylsusölu, greitt var fyrir það. Pylsusala á Bryggjutónleikum 66°N um páskana

Styrkir sem félagið veitti á árinu

Hægt er að sækja um styrki í dósasjóð Stefnis en nokkuð var um að sótt væri um styrki til að sækja mót innanlands. Einnig voru tveir íþróttamenn styrktir sem báðir voru að taka þátt í landsliðsverkefnum í blaki.

Árangur krakka frá Suðureyri í íþróttum

Daði Freyr Arnarsson tók þátt í nokkrum landsliðsverkefnum fyrir lið U-21 árs í fótbolta. Meðal annars fór hann með liðinu til Kína og spilaði þar við Kína, Mexíkó og Taíland. Einnig spilaði hann með U-21 árs í æfingaleik á móti Írum og í undankeppni EM 2019 við Norður Írland.

Katla Vigdís Vernharðsdóttir var valin í U-17 landsliðið í blaki. Keppti hún fyrir hönd Íslands á móti í Tékklandi í byrjun árs 2018. Þetta var í annað skiptið sem hún var valin í U-17 hópinn.

Sóldís Björt Leifsdóttir Blöndal var einnig valin í U-17 landsliðshópinn í blaki. Keppti hún fyrir hönd Íslands á móti í Tékklandi í byrjun árs 2018. Hún var einnig valin í úrtakshóp haustið 2018 og keppti á móti í Færeyjum í byrjun árs 2019.

Svanfríður Guðný Þorleifsdóttir var valin í U-16 í úrtakshóp haustið 2018 og keppti á móti í Færeyjum í byrjun árs 2019.

Óskum við öllum þessum krökkum innilega til hamingju með árangur sinn á síðasta ári og er félagið virkilega stolt af þessum Súgfirsku krökkum.

Viðurkenning frá HSV

Svava Rán Valgeirsdóttir formaður var sæmd silfurmerki á þingi HSV fyrir vel unnin störf fyrir Stefni í gegnum árin.

Uppbyggingarsamningur Stefnis og Ísafjarðarbæjar

Undirritaður var uppbyggingarsamningur milli Stefnis og Ísafjarðarbæjar vegna uppsetningar á útihreystitækjum á Suðureyri. Ákveðið hefur verið í samvinnu við Ísafjarðarbæ að tækin verði sett niður við hliðina á Tjörninni. Staðsetningin var valin með tilliti til nálægðar við grunnskólann og nýja göngustíginn.

Svava Rán Valgeirsdóttir
Formaður Stefnis.

Kubbi - Íþróttafélag eldri borgara á Ísfirði

Árið 2018 í janúar hófust aftur æfingar í Boccia og sundleikfimi í Íþróttahúsinu Torfnesi og Sundhöll Ísafjarðar.

Sund:

Þjálfari í sundleikfiminni var eins og áður Rannveig Pálsdóttir, um 15 – 20 konur stunda sundleikfimi tvisvar í viku frá október til maí, ár hvert. Óskandi væri að þær væru allar félagar í Kubba, því tímarnir fyrir sundleikfimina í Sundhöllinni er á vegum Kubba, þar sem við fáum tímum úthlutað frá HSV.

Boccia:

Þjálfari í Boccia var eins og undanfarinn ár Jens Kristmannsson, um átján manns stunda nú boccia æfingar og er að meðaltali um 15 manns á æfingum hverju sinni, æft er þrisvar í viku. Á árinu voru haldin 3 æfingamót í tvímenningi og 2 æfingamót liðakeppni. Okkar árlega Góumót í Boccia var haldið í mars og voru þátttakendur frá Íþróttafélaginu Ívar 3 lið og frá Kubba 5 lið.

Þann 13.maí var Halldórs Högnamót Ívars haldið á Þingeyri, á það mót voru skráð 4 lið frá Kubba. Tvö lið Kubba kepptu til úrslita urðu því í fyrsta og öðru sæti.

Púttvöllurinn.

Púttvöllurinn var undirbúinn fyrir sumarið og var það í höndum Golfklúbbs Ísafjarðar. Völlurinn var skorinn, sópaður og sandaður, að síðan var svo sáð í hann. Umsjón með þessu var í höndum þeirra, Reynis Péturssonar og Finns Magnússonar, sem félagar úr Golfklúbbum, en nokkrir aðrir félagar úr Kubba aðstoðuðu við verkið. Ekki þótti ástæða til að bera á pallinn að þessu sinni svo ekkert varð um það þetta sumarið, en þörf er á því á þessu ári.

Dagleg umhirða vallarins, sem og opnun og lokun, var í höndum Reynis og Finns á virkum dögum, aðrir félagar úr Kubba sáu um opnun um helgar. Á árinu skráðu komur sínar á Púttvöllinn 1745 gestir í gestabók vallarins, að auki komu í júní um 150 leikskólabörn í heimsókn til okkar á völlinn af leikskólum Ísafjarðar og nágrennis og reyndu sig við að pútta. Nokkrir af okkar félögum aðstoðuðu þau sem var bara gaman

Pútt.

Æfingar hófust í byrjun maí. Fyrsta mót sumarsins, var opnunarmótið, sem haldið var 8.maí. Sigurvegari þess var Heiðar Guðmundsson. Næst varð það Héðinsmótið, þar er keppt í karla og kvennaflokki. Sigurvegari í kvennaflokki varð Oddný Njálsdóttir og í karlaflokki sigraði Reynir Pétursson. Eins og undanfarin ár var Planka og skemmtimótið haldið, sigurvegari í báðum greinum var Heiðar Guðmundsson. Paramótið sigruðu Fjóla Hermannsdóttir og Jens Kristmannsson. Lokamót Kubba var svo haldið 8.október, sigraði Reynir Pétursson í því. Að loknum mótum sumarsins var Púttmeistari eldri borgara krýndur, að þessu sinni var það Reynir Pétursson.

Ársskýrsla 2018

Umsjón og mótsstjórn púttmóta var í höndum; Reynis Péturssonar, Finns Magnússonar og Jens Kristmannssonar.

Púttvöllinum var svo formlega lokað 8.október.

Landsmót UMFÍ 50+

Landmótið var að þessu sinni haldið á Sauðárkróki, samhliða stóra Landsmóti UMFÍ. Á 50+ fóru að þessu sinni 12 keppendur frá Kubba ásamt mökum og kepptu í Boccia, Pútti og Golfi. Í hlut Kubba komu að þessu sinni tvenn verðlaun þ.e., lið frá Kubba verð í 3js sæti í Boccia og þriðja sæti í Pútti karla 70 ára og eldri.

Íslandsmót FÁÍA í Pútti.

Íslandsmót FÁÍA var að þessu sinni haldið í Garðabæ fimm félagar úr Kubba tóku að þessu sinni þátt og varð sveit Kubba sem skipuð var: Reyni Péturssyni, Finni Magnússyni, Heiðari Guðmundssyni og Sigríði Þórðardóttur, í þriðja sæti.

Fjárafilanir.

Ein helsta fjáröflun félagsins er Fyrirtækjamót í „Pútti“ 19 fyrirtæki tóku þátt að þessu sinni. Sigurvegari var „Við Torgið“ keppandi Reynir Pétursson. Á öllum púttmótum sumarsins eru kaffiveitingar, sem stjórnarkonur sjá að mestu um, en keppendur greiða kr.500,- í mótsgjald, sem rennir til félagsins.

Ýmis mál.

Síðast liðið haust var óskað eftir þátttöku okkar við formlega opnun á göngustíg við Fjarðarstræti, í því tilefni var skrifað undir samning milli Heilbrigðisstofnunnar Vestfjarða, Ísafjarðarbæjar og Landlæknis um heilsuefandi samfélag í Ísafjarðarbæ.

Bókaðir stjórnarfundir voru tveir á árinu, en nokkrir óformlegir fundir í tengslum við framkvæmd móta og annarra viðburða sem félagið var þátttakandi í.

Stjórn félagsins var þannig skipuð síðastliðið ár:

Formaður; Sigríður Þórðardóttir,
varaformaður; Finnur Magnússon,
ritari; Árný Oddsdóttir,
gjaldkeri; María Hagalínisdóttir,
meðstjórnandi; Kristján Kristjánsson,

Varastjórn skipuðu: Reynir Pétursson, Gunnar Veturliðason,
Gunnlaugur Gunnlaugsson.

Að lokum þakkar undirrituð stjórn og félagsmönnum, sem og öðrum velunnurum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu, með von um að svo verði áfram.

Ísafirði 20. mars 2019
Sigríður Þórðardóttir, formaður

Vestri Íþróttafélag



Aðalstjórn

Inngangur

Þriðja starfsári íþróttafélagsins Vestra er nú lokið og má segja að félagið hafi slitið barnsskónum. Yfirbragð félagsins er að taka á sig mynd og innan fárra ára verðum við með fjölda iðkenda sem hafa aldrei stundað íþróttir fyrir annað félag en Vestra. Tíminn líður hratt og getur verið afstæður. Verkferlar innan félagsins eru

Á öðrum aðalfundi aðalstjórnar Vestra, þann 7. maí 2018 voru eftirtaldir kosnir í aðalstjórn:

Til eins árs; Hjalti Karlsson, formaður

Tveggja ára; Guðni Guðnason

Gísli Jón Hjaltason

Sólrún Geirsdóttir

Varam. eitt ár: Jónas Gunnlaugsson

Jóna Lind Kristjánsdóttir

Fyrir voru í stjórn Guðfinna Hreiðarsdóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Pétur Markan

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 8. júní skipti stjórn með sér verkum á sama hátt og fyrsta starfsárið, þ.e. Guðfinna Hreiðarsdóttir varaformaður, Guðni Guðnason gjaldkeri og Sigurður Jón Hreinsson ritari. Á þriðja starfsári sínu kom aðalstjórn saman til fundar sjö sinnum að aðalfundi þessum meðtöldum. Auk þess voru haldnir tveir vinnufundir þar sem unnið var að viðbragsáætlun og ýmsum reglum félagsins. Fundað var eftir þörfum og aðstæðum en tölvusamskipti einnig nýtt til starfsins. Í þessari starfsskýrslu aðalstjórnar verður einungis tæpt á nokkrum viðfangsefnum stjórnarinnar. Vísast að öðru leyti í fundargerðir aðalstjórnar á heimasíðu félagsins og starfsskýrslur deilda.

Ný deild

Á árinu átti sér stað sá ánægjulegi atburður að kröftugt áhugafólk um hjólreiðar spurðist fyrir um möguleika þess að stofna hjólreiðadeild innan vébanda Vestra. Að sjálfsgöðu var vel tekið í þá málaleitan og varð úr að deildin tók til starfa á síðasta ári. Lög Vestra gera hinsvegar ráð fyrir að nýjar deildir hefji störf innan s.k. almenningsdeildar þar til samþykkt er á næsta

aðalfundi með formlegum hætti stofnun hennar. Undirbúningi þessa máls er lokið, stjórn hefur verið sett á laggirnar, reglugerð samin og stofnað til kennitölu. Því mun nú síðar á þessum fundi verða borin upp tillaga um formlega inngöngu hjólréiðadeildar Vestra og ber sérstaklega að fagna því.

Fjárhagur Vestra

Nú hafa allar deildir félagsins haldið sína aðalfundi og birt ársreikninga. Eins og allir vita er mikið verk og erfitt að afla íþróttafélögum fjár til rekstrar. Gríðarleg ferðalög og launakostnaður er þungur baggi og því þarf umhverfið að vera hagfelld til að endar nái saman. Samstæða Vestra velti á árinu 108 milljónum króna sem gríðarhá upphæð fyrir ekki stærra samfélag og má segja að rekstur Vestra á árinu 2018 hafi gengið nokkuð vel. Knattspyrnudeild skilar góðum rekstrarafgangi, blakdeild réttum megin við núllið en nokkrar blikur á lofti í rekstri körfuknattleiksdeildar. Annað árið í röð er deildin rekin með tapi, þó barna- og unglingarráð hafi skilað góðri afkomu. Með jafn öflugt fólk að baki félaginu eru áhyggjur okkar þó ekki miklar og er það sannfæring okkar að framtíðin sé björt. Rekstur sunddeildar var lítil á árinu.

Fjölnota knattspyrnuhús

Eitt mikilvægasta hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar í Ísafjarðarbæ er og hefur verið bætt aðstaða knattspyrnumanna. Um nokkurt skeið hefur verið stefnt að byggingu knattspyrnuhúss sem mun gjörbreyta aðstöðu knattspyrnumanna til hins betra. Hafa ber í huga að fleiri íþróttagreinar koma til með að njóta góðs af þessari uppbyggingu því fótolti hefur notað u.þ.b. 33% af tiltækum tímum í íþróttahúsunum á Torfnesi og í Bolungarvík. Þar sem eftirspurn eftir tímum er langt umfram framboð munu aðrar íþróttagreinar bera meiri tíma úr bótum með tilkomu nýs húss.

Um hið væntanlega hús væri hægt að fjalla um í löngu máli og sýnist sitt hverjum. Hvernig hús, hvaða stærð, hæð þess, staðsetning og kostnaður. Ekki er ástæða til að fjölyrða um það hér, heldur fagna því að nú hyllir í að löngu tímabær uppbygging hefjist á Torfnesi.

Vallarhús

Á grundvelli samnings sem gerður var við Ísafjarðarbæ í desember 2017, um afnot félagsins af efri hæð Vallarhúss á Torfnesi, var í vetur unnið að hönnun fyrirkomulags félagsaðstöðu í húsinu og gerð kostnaðaráætlunar. Áætlunin var unnin í samstarfi við Tækniþjónustu Vestfjarða og hljóðaði uppá 14 milljónir. Innifalið í verkinu var málningarvinna, smíði, endurnýjun raflagna og ljósa, auk þriggja salerna og uppsetning eldhúsaðstöðu. Vinna hófst í húsinu í febrúar þó engir fjármunir væru tryggðir til verksins og ljóst að skipta þyrfti framkvæmdinni í áfanga. Nú í aprílmánuði lagði Ísafjarðarbær 1,5 milljón til verksins sem vissulega hefði mátt vera hærri upphæð en

einnig höfum við notið stuðnings frá öflugum styrktaraðila félagsins og þökkum við kærlega fyrir það.

Fyrir sumarið er stefnt að því að ljúka við standsetningu salar en bíða til hausts með salerni og eldhúsaðstöðu. Félagsmenn úr öllum deildum félagsins hafa komið að vinnu í húsinu, þó knattspyrnumenn hafi dregið vagninn. Búið er að leggja nærri 300 klst. í þessa vinnu og vil ég hér með þakka þeim sem hönd hafa lagt á plóg.

Siðamál - Viðbragðsáætlun

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sendi á síðasta ári frá sér viljayfirlýsingu þess efnis að fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka sem bjóða upp á frístundaiðkun fyrir börn og unglinga, verði m.a. skilyrt því að félögin setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir.

Þótt slíkar áætlanir hafi ekki verið tilbúnar síðastliðið vor, setti aðalstjórn Vestra á laggirnar embætti trúnaðarmanns félagsins og tók Birna Lárusdóttir að sér verkefnið og hefur gegnt því síðan. Á haustdögum hófst svo vinna aðalstjórnar Vestra við jafnréttisáætlun, siðareglur og viðbragðsáætlun. Haldinn var vinnufundur laugardaginn 27. október með stjórnarmönnum í aðalstjórn, auk fulltrúa deilda. Fundarmenn skiptust í þrjá hópa sem unnu að mismunandi verkefnum. Að loknum vinnufundi lágu fyrir nokkuð skýr drög að jafnréttisáætlun og siðareglum en ljóst að viðbragsáætlun þarfnaðist meiri yfirlegu. Nokkuð lengi var beðið niðurstöðu starfshóps sem menntamálaráðherra skipaði um viðbrögð við kynbundnu ofbeldi. Nú í byrjun apríl lauk svo þessari vinnu Vestra og verða tillögur þessara þriggja hópa kynntar hér síðar á fundinum og þær bornar upp til samþykktar fundarins. Víða var leitað fanga í þessari vinnu, bæði hjá íþróttafélögum, samböndum og æskulýðshreyfingunni.

Starf deilda

Starf deilda var með blómlegum hætti að undanskilinni sunddeild en starf hennar hefur verið í lágmarki um nokkurt skeið. Deildin hefur þó staðið fyrir sundæfingum í íþróttaskóla HSV. Fjölmargir iðkendur hafa náð prýðilegum árangri og verið valdir í landsliðsverkefni. Um starf deildanna vísast að öðru leyti í starfsskýrslur þeirra sem finna má á heimasíðu Vestra.

Hjalti Karlsson fomaður

Körfuknattleiksdeild Vestra

Starfsemi stjórnar

Á síðasta aðalfundi KKD. Vestra voru eftirtalin kjörin í stjórn: Ingólfur Þorleifsson var kjörinn formaður. Sveinn Rúnar Júlíusson, Birna Lárusdóttir, Ingi Björn Guðnason og Harpa Guðmundsdóttir sem aðalmenn. Til vara voru kjörnir Birgir Örn Birgisson, Guðmundur Einarsson og Helga Salóme Ingimarsdóttir. Á fyrsta fundi skipti stjórn með sér verkum og var Harpa kjörin gjaldkeri og Ingi Björn ritari. Aðalstjórn fundaði eftir þörfum á tímabilinu. Mál voru einnig unnin í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta líkt og undanfarin ár. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokks karla en rekstur yngri flokka félagsins var í höndum Barna og unglingaráðs.

Helstu fjáraflanir ársins voru líkt og áður vinna vegna samstarfssamnings Ísafjarðarbæjar við HSV vegna 17. júní hátíðarhalda og flugeldahreinsun. Vinna við körfuboltabúðir Vestra. Klósettpappírsala. Vinna við árshátíð Ísafjarðarbæjar og fleiri smærri fjáraflanir. Þessum fjáröflunum væri ekki hægt að halda úti án vinnu sjálfbóðaliða og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Fjórir stjórnarmenn og yfirþjálfari sátu ársþing Körfuknattleikssambands Íslands sem fram fór í Laugardal í Reykjavík 16. mars s.l. Þar voru fulltrúar félagsins virkir í störfum þingsins þar sem Ingi Björn Guðnason stýrði störfum Laga og leikreglnanefndar og Ingólfur Þorleifsson stýrði Alsherjarnefnd. Birna Lárusdóttir var svo annar af þingforsetum. Birna situr jafnframt í stjórn sambandsins.

Meistaraflokkur karla

Yngvi Páll Gunnlaugsson yfirþjálfari Kkd. Vestra stýrði meistaraflokki félagsins á sínu þriðja tímabili.

Leikmannahópur meistaraflokks taldi að jafnaði 18 leikmenn á tímabilinu og því þurfti í fyrsta skipti í minni formanns að skera æfingahópin niður í 12 leikmenn, aðallega vegna þess að liðið æfir tvisvar í viku í Bolungavík og þar er bara ekki pláss fyrir slíkan fjölda á æfingum. Allur hópurinn æfði saman tvisvar í viku auk þess að yngri leikmenn æfðu sér í drengjaflokki. Vissulega er það bagalegt að geta ekki fengið viðunandi æfingatíma á heimavelli sínum, og án velvilja nágranna okkar í Víkinni værum við í vondum málum. Ber ég þeim miklar þakkir fyrir frábæra þjónustu við okkur í vetur.

Liðið var skemmtilega samsett af reynslumiklum leikmönnum og ungum heimamönnum. Einnig eru nokkrir leikmenn að banka á dyrnar og verður gaman að sjá þá á næstu árum. Stjórn hefur þegar hafið viðræður við leikmenn og standa vonir til að sem minnstar breytingar verði á hópnum á milli ára.

Eftirtaldir voru í meistaraflokkshópnum á tímabilinu 2018-19.

Gunnlaugur Gunnlaugsson Framherji

Guðmundur Auðunn Gunnarsson bakvörður

Helgi Bergsteinsson Bakvörður
Ingimar Aron Baldursson Bakvörður
Nebojsa Knezevic Bakvörður
Nemanja Knezevic Miðherji
Andre Hughes Framherji (til áramóta)
Jure Gunjina Framherji (frá áramótum)
Nökkvi Harðarson Framherji
Adam Smári Ólafsson Miðherji (kom um áramót)
Rúnar Ingi Guðmundsson Bakvörður
Hilmir Hallgrímsson Bakvörður
Hugi Hallgrímsson Framherji
Egill Fjölfnisson Framherji
Þorleifur Hallbjörn Ingólfsson Bakvörður
Daniel Wale Adeleye Bakvörður (kom um áramót)
Blessed Parilla Bakvörður
James Parilla Bakvörður
Arnaldur Grímsson Bakvörður (skipti í Val um áramót)
Friðrik Heiðar Vignisson Framherji
Magnús Breki Þórðarson Bakvörður (á venslasamningi frá febrúar)

Veturinn hjá meistaraflokki karla

Liðið lék 21 leik í deildarkeppni og sigraði í 12 leikjum og tapaði 9. Takmarkið fyrir tímabilið var eins og árið áður að komast í úrslitakeppni 1. Deildar og náðist það. Niðurstaðan var sú að liðið endaði í fimmta sæti og mætti sterku liði Fjölnis í undanúrslitum. Liðið spilaði 3 leiki sem allir töpuðust naumlega og spilar Vestri því í 1. deild aftur á næsta tímabili. Annað árið í röð má því segja að við höfum fallið út fyrir liðinu sem fór alla leið upp í Dominosdeildina. Það eru vissulega vonbrigði að okkur hafi ekki enn tekist að vinna leik í úrslitakeppni undir merkjum Vestra. En það er klárt að það er stutt í það.

Liðið spilaði í Maltbikarnum og sat hjá í 32 liða úrslitum. Í 16 liða úrslitum dróst liðið gegn úrvalsdeildarliði Hauka úr Hafnarfirði þar sem Vestri gerði sér lítið fyrir og sigraði eftirminnilega á heimavelli. Í 8 liða úrslitum var það svo stórlið Njarðvíkur sem liðið mætti. Sá leikur tapaðist. Vestri fór lengst allra liða úr 1. deildinni þetta árið í bikarnum og má vel við una.

Að lokum

Starfsemi deildarinnar er almennt á góðu róli. Þó verður að segjast að veturinn var erfiður fjárhagslega hjá aðalstjórn, aðallega vegna langra og erfiðra ferðalaga meistaraflokks. Gárungarnir hafa kallað 1. deildina landsbyggðardeildina og er það er

ekki að ástæðulausu. Akureyri, Egilsstaðir og Hornafjörður voru t.d. allir á ferðaplönnum tímabilsins.

Stjórn vinnur stöðugt að því að finna fjármagn í rekstur félagsins og mun þeirri vinnu aldrei ljúka. Það er hægt að líkja vinnu stjórnarmanna við rekstur á litlu fyrirtæki í sjálfböðavinnu. Okkur hefur tekist ágætlega að skipta verkum niður á stjórnarmenn. Ég vill þakka samstjórnendum mínum fyrir þeirra miklu vinnu í vetur.

Það hefur mikið verið talað um hlutverk sjálfböðaliðans í félagsstörfum almennt. Hannes S. Jónsson formaður KKÍ kom m.a. inn á þau málefni á ársþinginu í vor. Kkd. Vestra á marga mjög góða sjálfböðaliða og færi ég þeim öllum bestu þakkir fyrir sín ómetanlæegu störf. En á sama tíma segi ég að við þurfum að stækka þann hóp til að geta haldið áfram að stækka og dafna.

Við höfum hafið skoðun á möguleikanum að stofna meistaraflokk kvenna aftur. Stjórn vinnur að því að skipuleggja fund með stúlknaðóp félagsins og forráðamönnum þeirra til að kanna landslagið. Ég hvet alla sem áhuga hafa á málefnum meistaraflokks kvenna til að mæta á fundinn þegar þar að kemur. Vonandi verður sá fundur haldinn mjög fljótlega.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu á síðasta starfsári og hafa ekki fengið þakkar nú þegar fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Ingólfur Þorleifsson Formaður Kkd. Vestra

Skýrsla stjórnar barna- og unglingaráðs

Körfuknattleiksdeildar Vestra starfsárið 2018-2019

Barna- og unglingaráð Kkd. Vestra (BUR) veturinn 2017-2018 var skipað eftirtöldum einstaklingum: Birna Lárusdóttir, formaður, Guðfinna Hreiðarsdóttir, gjaldkeri, Heiðrún Tryggvadóttir, ritari, Arna Sæmundsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Margrét Jónasdóttir og Hörður Snorrason.

Skýrsla þessi nær að mestu yfir tímabilið júní 2018 til maí 2019.

Umfang yngri flokkanna

Æft var í 13 yngri flokkum í vetur:

Kríllakarfa (4-5 ára)

Krakkakarfa stúlkur 1.-2. bekkur

Krakkakarfa drengir 1.-2. bekkur

Minnibolti yngri stúlkur (3.-4. bekkur)

Minnibolti yngri drengir (3.-4. bekkur)

Minnibolti eldri stúlkur (5.-6. bekkur)

Minnibolti eldri drengir (5.-6. bekkur)
7.-8. flokkur stúlkna
9. flokkur stúlkna (frá áramótum)
7.-10. flokkur drengja
10. flokkur stúlkna (æfði með stúlknaflokki)
Stúlknaflokkur
Drengjaflokkur

Átta flokkar tóku þátt í Íslandsmótum í vetur:

Minnibolti eldri (MB11) stúlkur
Minnibolti eldri (MB11) drengir
7. flokkur stúlkna
9. flokkur drengja
9. flokkur stúlkna (frá áramótum)
10. flokkur stúlkna
Stúlknaflokkur
Drengjaflokkur

Í yngstu aldurshópunum var líkt og undanfarin ár lögð áhersla á tvö minniboltamót félaga. Fyrri mótið var Sambíómót Fjölnis um mánaðamótin október/nóvember og hið seinna Nettómótið í Reykjanesbæ í byrjun mars. Einnig var haldið innanfélagsmót fyrir yngsta aldurshópinn, 1.-6. bekk, Hamraborgarmótið, í febrúar og framundan er innanfélagsmótið Húsasmiðjumótið fyrir sama aldurshóp í byrjun maí.

Íþróttaskóli HSV

Líkt og fyrri ár hefur Vestri tekið þátt í starfsemi Íþróttaskóla HSV, m.a. með því að útvega þjálfara fyrir eldri börn skólans þegar körfubolti er þar á dagskrá. Brýnt er að Kkd. Vestra meti starfsemi og árangur Íþróttaskólans með tilliti til þess takmarkaða tíma sem körfuboltinn fær í skólanum. Grunnhugmyndafræði skólans er jákvæð og félagið hefur til þessa stutt starfsemi hans en skólinn þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Töluvert vantar upp á að starf skólans sé metið með markvissum hætti. Gæta þarf þess að hagsmunir Kkd. Vestra séu tryggðir þannig að eðlileg nýliðun geti átt sér stað hjá félaginu.

Aðstaða yngri flokkanna

Langflestar æfingar yngri flokkanna fara fram á Torfnesi en einnig er æft á Austurvegi og í Bolungarvík þar sem deildinni er ávallt vel tekið. Bolungarvíkurkaupstaður fær sérstakar þakkir fyrir frábært samstarf á umliðnum árum. Lítið hefur verið um æfingar hjá deildinni í minni byggðakjörnunum Flateyri, Suðureyri og Þingeyri en nú er íþróttahúsið á Þingeyri orðið það vel búið að hægt er að nýta það til keppni í yngri

flokkum. Ný klukka er í húsinu og nýjar körfur væntanlegar. Þessar betrubætur bæta til muna aðstöðu yngri flokka til æfinga og keppni.

Í fyrra benti Kkd. Vestra á að mikil þörf væri á því að koma upp betri félagsaðstöðu fyrir börn og unglinga í íþróttahúsinu á Torfnesi. Iðkendur koma úr öllum þéttbýliskjörnum bæjarins og Bolungarvík og þurfa oft að bíða í lengri og skemmri tíma, bæði fyrir og eftir æfingar. Ekkert bólar á lagfæringum sem þó hafa verið boðaðar en brýnt er að vel verði staðið að þeim og þær gerðar þannig úr garði að sómi verði að.

Innanfélagsstarfið

Síðastliðið sumar voru sérstakar sumaræfingar skipulagðar að afloknum Körfuboltabúðum Vestra 2018. Æfingar voru ætlaðar eldri iðkendum og var æft þrisvar í viku nær allt sumarið. Krökkum í verðandi 1.-4. bekk bauðst að koma á tvö sumarnámskeið, í júní og ágúst, sem hvort um sig samanstóð af klukkustundarlöngum æfingum í fimm daga.

Vetrarstarfið hófst með Körfuboltadeginum í byrjun september. Þar var starfsemi yngri flokkanna og æfingataflan kynnt og brugðið á leik með leikmönnum meistaraflokks karla. Körfuboltadagurinn í upphafi vetrar er einn besti vettvangurinn til að bjóða nýja iðkendur velkomna og kynna þá fyrir starfi félagsins.

Hamraborgarmótið, minniboltamót Vestra og Hamraborgar, fór fram 28. janúar en það var ætlað iðkendum í 1.-6. bekk. Mótið er hugsað sem upphitun fyrir Nettómótið.

Lítið var um viðburði innan félags fram að páska en þá var hið árlega Páskaeggjamót Vestra og Góu haldið á skírdag. Í kringum 70 krakkar mættu til móts auk þess sem barna- og unglingaráð stóð fyrir kaffihúsi og kökubasar í tengslum við mótið í fjáröflunarskyni.

Æfingar iðkenda í Krílakörfu lauk fyrir páska með uppskeruhátíð en æfingatímabili Krakkakörfu og minnibolta yngri lýkur um mánaðamótin apríl/maí. Húsasmiðjumótið verður haldið 29. apríl og er einskonar lokahnykkur fyrir yngstu iðkendurna. Mótið er ætlað 1.-6. bekk.

Uppskeruhátíð yngri flokka verður haldin 20. maí með pylsuveislu og viðurkenningum til iðkenda. Sú hefð hefur skapast að þjálfarar skrifa persónulegar umsagnir um hvern iðkanda en látið var af viðurkenningum á borð við besta leikmanninn fyrir allnokkrum árum.

Körfuboltabúðir Vestra fara fram 4.-9. júní undir stjórn Inga Þórs Steinþórssonar þjálfara KR. Eru þetta elleftu búðirnar. Undirbúningur er kominn vel á veg en enn eru laus pláss. Fjórir fulltrúar BUR eiga sæti í stjórn búðanna.

Þjálfarahópurinn

Yngvi Páll Gunnlaugsson, yfirþjálfari, hefur nú stýrt deildinni í þrjá vetur. Yngvi hefur yfirumsjón með starfi yngri flokka og þjálfaði auk þess tvo yngri flokka í vetur ásamt þjálfun meistaraflokks karla. Aðrir fastir þjálfarar yngri flokka í vetur voru Birgir Örn Birgisson, Dagný Finnbjörnsdóttir, Guðmundur Auðun Gunnarsson, Gunnlaugur Gunnlaugsson, Haukur Hreinsson (hætti um áramót), Nebojsa Knezevic og Nemanja Knezevic.

Aðstoðarþjálfarar voru í stærri hópum og nokkrir afleysingarþjálfarar voru til taks sem hlupu í skarðið þegar þurfti. Lögð er áhersla á að elstu iðkendur okkar spreyti sig í þjálfarahlutverkinu og komi inn sem aðstoðarþjálfarar. Eiga allir þjálfarar deildarinnar miklar þakkir skilið fyrir fagmennsku, alúð og eftirfylgni í þjálfarastörfum sínum.

Foreldrasamskipti

Öll foreldrasamskipti yngri flokka Kkd. Vestra fara fram í lokuðum Facebook hópum auk þess sem deildin er með opna síðu undir heitinu „Körfuknattleiksdeild Vestra - yngri flokkar“. Allt fréttatengt efni fer þar inn ásamt því að heimasíða Vestra er vel nýtt. Miðað er við að iðkendur í 8. flokki og eldri séu einnig inni á síðunum.

Sérstakur tengiliðahópur er á Facebook en þar í eru allir tenglar hinna mörgu æfingahópa deildarinnar – alls um 25 manns. Gera þarf mun betur í því að virkja þennan hóp. Þörf er á frekari uppfræðslu um hlutverk tengiliða og miðla þarf betur af reynslu þeirra sem best þekkja til í skipulagi ferða og uppákoma svo að nýir foreldra þurfi ekki í sífellu að finna upp hjólið.

Samstarf við félög utan svæðis

Lítið hefur verið um samstarf við íþróttafélög utan svæðis í vetur. Þó sameinuðust sex leikmenn drengjaflokks Vestra fjórum leikmönnum drengjaflokks Snæfells um að taka þátt í Scania Cup félagsliðamótinu sem fram fór í Södertälje í Svíþjóð um páskana. Tókst það samsarf vel þótt ekki hefði tekist að vera með margar sameiginlegar æfingar fyrir mótið. Strákarnir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í aldurshópnum 2002 og eru því Scania Cup meistarar 2019.

Uppbyggingarstarfið

Óveruleg fjölgun hefur verið í yngri flokkunum í vetur gera þarf betur í því að hvetja til nýliðunar á yngstu aldurstigunum. Nauðsynlegt er að huga enn betur að

Þjálfunarpættinum samhliða kynningarstarfinu en félagið þarf á mörgum öflugum þjálfurum að halda ef standa á undir fleiri yngri flokkum. Liður í því er að hvetja eldri iðkendur til að sækja þjálfaranámskeið sem í boði eru á vegum ÍSÍ og KKÍ. Ljúki þjálfari námskeiði greiðir BUR námskeiðsgjöldin. Námskeiðin veita einnig einingar í framhaldsskólum og eru þannig enn frekari hvatning. Nokkrir ungir þjálfarar hafa þegar nýtt sér þetta. Einnig er mikilvægt að styðja við bakið á þeim sem vilja sækja dómaranámskeið sem í boði eru á vegum KKÍ. Því til viðbótar er mikilvægt að hvetja elstu iðkendur okkar til að koma að þjálfun sem aðstoðarþjálfarar jafnvel þótt þeir hafi ekki öðlast aldur til að stýra eigin æfingum. Þannig læra þeir mest og koma betur undirbúnir inn í þjálfarastarfið þegar réttum aldri er náð.

Fjárafánir og aðrar tekjur

Fjáröflun BUR hefur verið með hefðbundnu sniði í vetur. Stór þáttur í því er að reka og manna sjoppuna á Torfnesi á heimaleikjum meistaraflokks og á ýmsum uppákomum á okkar vegum í húsinu, s.s. þegar umferðir í Íslandsmóti fást hingað heim. Hagnaður af sjoppurekstrinum hefur runnið beint í ferðasjóð iðkenda vegna ferða á Íslandsmót og minniboltamót og hefur okkur tekist að greiða ferðir nokkuð vel niður. Þar kemur einnig til aukið framlag úr Ferðasjóði ÍSÍ en það hefur hækkað með fleiri hópum á Íslandsmótum ásamt því að starfa nú í fjölgreinafélagi.

Haustsalan á grænmeti var á sínum stað og lukkaðist vel. Farið var í eina kaffipakkasölu og batterí í reyfsskynjara seld fyrir jólin. Kaffi var aftur selt eftir áramót og síðan hefur BUR staðið fyrir kaffihúsi og kökubasar á skírdag í tengslum við Páskaeggjamót Vestra. Einnig má nefna að Körfuboltabúðirnar eru ein stærsta fjáröflun sem ráðist er í innan deildarinnar á hverju ári. BUR kom einnig að hefðbundinni fjáröflun félagsins í tengslum við hátíðahöld Ísafjarðarbæjar á 17. júní en það er verkefnastyrkur til félagsins. Þá má nefna að elstu iðkendur félagsins taka þátt í stærri fjáröflunum á vegum félagsins á borð við uppstillingu á sal fyrir árshátíð Ísafjarðarbæjar og útskrift MÍ og kvöldvinnu í tengslum við það.

Reglulega er sótt um styrki í Íþróttasjóð og styrktarsjóði UMFÍ og hafa ýmis verkefni fengist styrkt í gegnum tíðina. Þá eru ótalin fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar sem styrkja starfsemi yngri flokkanna með ýmsum hætti. Sá stuðningur er ýmist í formi beinna peningastyrkja, vöruúttekta eða aðstoðar við ólík verkefni. Slíkur stuðningur er ómetanlegur og verður seint hægt að fullpakka.

Æfingagjöldin eru innheimt mánaðarlega af iðkendum í 5. bekk og eldri og renna þau til greiðslu þjálfaralauna. Gjöldin duga þó ekki fyrir þjálfaralaunum. Deildin verður af umtalsverðum tekjum með því að innheimta ekki æfingagjöld í yngstu aldurshópunum en benda verður á að í samkomulagi HSV og félaganna var ákveðið að heimila æfingar

fyrir íþróttaskólaaldurinn án þess þó að innheimt yrðu æfingagjöld. Slíkt fyrirkomulag gengur ekki til lengdar. BUR mun beita sér fyrir því að einhverjar breytingar verði gerðar á því fyrirkomulagi. Kríllakarfan hefur frá upphafi verið gjaldfrjáls og það er mat BUR að svo eigi að vera áfram.

Styrktaræfingar HSV

HSV styrktaræfingar eru í boði líkt og í fyrravetur og er það lofsvert framtak. Því miður virðist skorta á þátttöku okkar iðkenda þar

Samstarf við MÍ um afreksíþróttasvið

Körfuknattleiksdeildin hefur átt gott samstarf við Menntaskólann á Ísafirði um að endurvekja afreksíþróttasvið. Deildin átti milligöngu um að útvega þjálfara á tvær körfuboltaæfingar á viku og hefur Nebojsa Knezevic séð um þær æfingar. Þrettán eldri iðkendur stunda nú nám á afreksíþróttasviðinu og er körfuknattleikur fjölmennasta íþróttagreinin.

Landsliðsverkefni KKÍ

Alls eru fimm iðkendur Kkd. Vestra á leið í landsliðsverkefni í sumar á vegum KKÍ. Bræðurnir Hilmir og Hugi Hallgrímssynir keppa í U18, Friðrik Heiðar Vignisson og Helena Haraldsdóttir í U16 og Gréta Proppé í U15. Einnig mun Vestri eiga fulltrúa í Úrvalsbúðum KKÍ sem ætlaðar eru börnum f. 2004-2006 en óvíst er með Afreksbúðir þar sem ekki hefur enn verið tilkynnt um val í þær.

Einstakir flokkar

Drengjaflokkur:

Þjálfari: Nebojsa Knezevic

Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddir 2001-2003, keppti í 2. deild í vetur og er á leið í úrslitakeppnina. Liðið hefur tryggt sér sæti í 1. deild á næstu leiktíð. Sex af níu liðsmönnum tóku þátt í Scania Cup 2019 í Svíþjóð en það er sterkt boðsmót félagsliða. Vestri fór með sigur á mótinu í 2002 árgangi drengja. Liðið tók einnig þátt í bikarkeppni KKÍ.

Stúlknaflokkur:

Þjálfari: Nemanja Knezevic

Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddir 2002-2004, tók þátt í Íslandsmóti í vetur. Liðið er í yngra lagi miðað við önnur lið sem það hefur keppt við. Það hefur því verið á brattann að sækja í vetur og er liðið í neðsta sæti á Íslandsmótinu. Langþráður sigur leit dagsins ljós nú á dögnum en með meiri leikreynslu er öruggt að þeim á aðeins eftir að fjölga í framtíðinni. Liðið tók einnig þátt í bikarkeppni KKÍ.

10. flokkur stúlkna:

Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson

Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddir 2003-2004, tók þátt í Íslandsmóti í vetur og er á leið í úrslitakeppnina. Liðið er skipað öflugum leikmönnum sem hafa eflst mikið í vetur. Liðið tók þátt í Göteborg Basketball Festival í maí í fyrra og sigraði B-úrslitin. Liðið tók einnig þátt í bikarkeppni KKÍ í vetur.

9. flokkur stúlkna:

Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson

Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddir 2005-2007, hóf þátttöku í Íslandsmóti eftir áramótin en hópurinn var stofnaður skömmu fyrir áramót. Í hópnum eru efnilegir leikmenn sem mikilvægt var að fengju vettvang til að æfa og spila saman. Áhugavert verður að fylgjast með þessum hópi í 10. flokki næsta vetur.

9. flokkur drengja:

Þjálfari: Birgir Örn Birgisson

Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddir 2004-2006, tók þátt í Íslandsmóti. Hér er á ferð kröftugur hópur drengja og þótt hann sé ekki fjölmennur þá er hann harður í horn að taka. Þar sem liðið var nýtt af nálinni í haust hóf það keppni í neðsta riðli en hefur fíkrað sig upp riðlana í vetur og lýkur vetrinum í C-riðli. Sennilega hefði liðið náð upp í B-riðil í lok vetrar ef ekki hefði verið fyrir að eitt mót féll niður vegna veðurs.

7. flokkur stúlkna:

Þjálfari: Haukur Hreinsson (til áramóta) Guðmundur Auðun Gunnarsson

Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddir 2006-2007, tók þátt í Íslandsmóti. Liðið hóf keppni í C-riðli og keppir nú í B-riðli. Ein umferð er eftir af Íslandsmótinu sem fram fer á Þingeyri um næstu helgi. Hópurinn er öflugur og inniheldur efnilega leikmenn.

Minnibolti eldri drengja:

Þjálfari: Gunnlaugur Gunnlaugsson

Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddir 2007-2008, tók þátt í MB11 ára Íslandsmóti í vetur auk þess sem yngra árið tók þátt í Nettómótinu. Hópurinn er fjölmennur og hefur tveimur liðum verið teft fram í vetur. Annað liðið er nú í C-riðli og hitt í D-riðli en liðin komust ekki á eitt mót vegna veðurs. Ein umferð er eftir á Íslandsmótinu sem fram fer á Akureyri um miðjan maí. Hér er sterkur hópur á ferð sem vaxið hefur ásmegin í vetur.

Minnibolti eldri stúlkna:

Þjálfari: Guðmundur Auðun Guðmundsson

Liðið, sem er skipað leikmönnum fæddir 2007, tók þátt í MB11 ára Íslandsmóti í vetur auk þess sem yngra árið tók þátt í Nettómótinu. Liðið komst upp í A-riðil fyrr í vetur en komst ekki á eitt mót vegna veðurs og er nú í B-riðli. Ein umferð er eftir af Íslandsmótinu sem fram fer á Akureyri um miðjan maí. Þessi æfingahópur er ekki fjölmennur en ákaflega samhentur og baráttuglaður.

Minnibolti yngri drengir (3. og 4. bekkur):

Þjálfari: Yngvi Páll Gunnlaugsson

Liðið er skipað leikmönnum fæddir 2009-2010. Í þessum hópi er að finna marga spræka kappu sem stóðu sig afar vel á mótum í vetur, bæði á Sambíómóti og á Nettómótinu. Æft er bæði í Bolungarvík og á Ísafirði.

Minnibolti yngri stúlkur (3. og 4 bekkur):

Þjálfari: Guðmundur Auðun Guðmundsson

Liðið er skipað leikmönnum fæddir 2009-2010. Hér er skemmtilegur hópur stúlkna á ferð og tóku þær bæði þátt í Sambíómóti og Nettómóti með góðum árangri. Æft er bæði á Ísafirði og í Bolungarvík.

Krakkakarfa stúlkur (1.-2. bekkur):

Þjálfari: Dagný Finnbjörnsdóttir

Liðið er skipað leikmönnum fæddir 2011-2012. Stúlknaþópurinn í krakkakörfunni er efnilegur og tók þátt í Sambíómóti og Nettómóti með góðum árangri. Æft er bæði á Ísafirði og í Bolungarvík.

Krakkakarfa drengir (1.-2. bekkur):

Þjálfari: Dagný Finnbjörnsdóttir

Liðið er skipað leikmönnum fæddir 2011-2012. Strákarnir í krakkakörfunni er efnilegur hópur og tóku þeir þátt í Sambíómóti og Nettómóti með góðum árangri. Æft er bæði á Ísafirði og í Bolungarvík.

Krílakarfan: *Þjálfari: Dagný Finnbjörnsdóttir*

Á bilinu 10-15 börn æfðu í Krílunum í vetur en æfingar fóru fram á Austurvegi á miðvikudögum. Brýnt er að halda úti þessum æfingum áfram með svipuðu sniði og reyna að fjölga í hópnum.

Lokaorð

Barna- og unglingaráð Kkd. Vestra færir öllum iðkendum, þjálfurum, foreldrum og styrktaraðilum bestu þakkir fyrir farsæla samvinnu á starfsárinu sem nú er að ljúka og væntir jafnframt mikils af samstarfinu á því næsta.

Ísafirði, 24. apríl 2019

Fyrir hönd stjórnar barna- og unglingaráðs Kkd. Vestra
Birna Lárusdóttir, formaður

Blakdeild Vestra

Árið 2018 var rekstur deildarinnar með svipuðum hætti og áður, iðkendafjöldi var svipaður. Tihomir Paunovski hélt áfram að þjálfra alla flokka félagsins.

Meistaraflokkarnir:

Meistaraflokkar karla og kvenna spiluðu í 1. deild Íslandsmótsins. Karlaliðið endaði í öðru sæti deildarinnar vorið 2018 en kvennaliðið í 5. sæti sem verður að teljast viðunandi árangur hjá báðum liðum.

Bæði lið voru áfram skráð til leiks í 1. deild Íslandsmótsins haustið 2018. Það var þó ljóst að mannskapurinn gæti orðið tæpur. Það sem bjargaði karlaliðinu var að á svæðið fluttu reyndir blakarar sem mættu á æfingar og í leiki. Í karlaliðinu var því blanda af ungum leikmönnum sem hafa alist upp hjá félaginu, eldri leikmönnum sem hafa spilað með félaginu í mörg ár og svo leikmönnum sem eru nýfluttir á svæðið. Kvennaliðið var samsett að mestu leyti af ungum leikmönnum sem hafa alist upp í félaginu.

B-lið kvenna:

Í fyrsta sinn var skráð B-lið kvenna hélt áfram þátttöku sinni í neðri deildum Íslandsmótsins. Vorið 2018 kláraði liðið sitt fyrsta tímabil í 6. deild og endaði í 2. sæti og fór upp um deild. Vestri-B spilaði því í 5. deild tímabilið 2018-2019.

Yngri flokkar:

Vor 2018

Bikarmót 2.-4. flokks í Mosfellsbæ febrúar 2018: Vestri var með lið í 2. flokki kk og kvk. Stúlknaliðið endaði í 3. sæti af þremur liðum og strákarirnir í 4. sæti af 5 liðum. Vestri var einnig með lið í 4. flokki kk, sem var blandað stelpum og strákum og með einum eldri leikmanni sem fékk undanþágu. Það lið lenti í 2. sæti á mótinu í Mosfellsbæ og vann sér þar með rétt til þess að keppa úrslitaleik um bikarmeistaratitilinn sem fram fór sömu helgi og úrslit í Kjörísbikarnum hjá fullorðnum. Vestri tefldi líka fram sameiginlegu liði með Aftureldingu í 3. fl kk sem lenti í 1. sæti á mótinu í Mosfellsbæ og komst þar af leiðandi í úrslitin eins og 4. flokkurinn.

Þetta var í fyrsta sinn sem úrslit í bikar yngri flokka fóru fram á sama tíma og við sömu umgjörð og undanúrslit og úrslitin í Kjörísbikarnum hjá fullorðnum. Aðstæður voru glæsilegar og leikirnir voru sendir út á Sporttv með lýsanda. 4. flokkur Vestra urðu bikarmeistarar í drengjaflokki en lið Vestra í 3. flokki tapaði úrslitaleiknum fyrir Þrótti Nes. En þetta var mikil og góð reynsla fyrir alla leikmenn.

Íslandsmót 5.-6. flokks á Seyðisfirði apríl 2018: Vestri sendi tvö lið í 6. flokki og tvö lið í 5. flokki. Drengjaliðið í 5. flokki spilaði 4. stig, eða venjulegt blak og varð í 6. sæti af 10 liðum. Stúlknaliðið spilaði 3. stig þar sem annar bolti er gripinn og hafnaði í 4. sæti af 6 liðum. Í 6. flokki er ekki spilað upp á sæti, en Vestraliðunum gekk vel.

Íslandsmót 3.-4. flokks á Ísafirði maí 2018: Vestri var með lið í 4. flokki kvk með lánsmönnum úr Þrótti Reykjavík. Það lið endaði í 3. sæti af 6 liðum. Einnig var Vestri með leikmenn í blönduðu liði frá Ísafirði, Seyðisfirði og Mosfellsbæ (VAM). Liðið náði að landa Íslandsmeistaratitlinum þetta vorið.

2. flokkur keppti leiki heima og heiman á Íslandsmótinu tímabilið 2017-2018. Vestri var með bæði kvennalið og karlalið og gekk báðu liðum vel og spiluðu marga spennandi leiki.

Haust 2018

Íslandsmót hjá 2.-3. flokki, Húsavík, sept 2018: Vestri var með lið í 2. flokki kvk og fékk lánsmenn frá Húsavík. Liðið lenti í 5. sæti af 7 liðum. Í 3. flokki kk spiluðu tveir leikmenn Vestra með Þrótti Neskaupstað og í 2. flokki kk spiluðu leikmenn Vestra með Aftureldingu.

Íslandsmót í 4.-6. flokki, Neskaupstað, okt 2018: Vestri var með lið í 5 flokki sem náði góðum árangri eða 4. sæti af 12 liðum. Einnig voru tveir leikmenn Vestra með Þrótti Nes í drengjaliði í 4. flokki og það lið sigraði sína deild. Eitt lið var frá Vestra í 6. flokki.

Hugleiðingar formanns

Margt gott gerðist á árinu 2018. Vestri hélt bæði yngriflokkamót og líka mót í 5. og 6. deild kvenna og tókst vel upp með bæði mótin. Foreldrar og iðkendur tóku þátt í margs konar verkefnum og sýndu að þegar menn vinna saman er hægt að gera ýmislegt. Gerður var uppbyggingarsamningur við Ísafjarðarbæ um strandblakvöllinn, og þar hefur verið unnið gott starf og aðstaðan að verða ansi góð.

Fjárafilanir í gegnum HSV og Ísafjarðarbæ eru mikilvæg tekjulind og fjöruhreinsun og ruslatínsla á Eyrinni eru uppbyggileg verkefni fyrir allan aldur. Ferðastyrkur ÍSÍ hefur hækkað og kemur það sér vel þar sem ferðalög eru mörg og dýr.

Yngriflokkaráð Blakdeildar Vestra var vel virkt og vann gott starf á síðasta ári og einnig var umsjón með kvennaliði Vestra með besta móti. Verkefnin hafa því dreifst betur en áður sem gerir lífið auðveldara fyrir formanninn.

Nokkrir leikmanna Vestra voru valdir í lokahópa unglingalandsliða og það er ljóst að við eigum mjög efnilegt blakfólk.

Ársskýrsla 2018

Það eru hinsvegar fyrirsjáanleg vandamál í starfi deildarinnar. Það er gat í iðkendahópnum og ekki fyrirsjáanlegt að yngri leikmenn komi upp í meistaraflokkana á næstunni. Leikmenn sem hafa spilað með meistaraflokkunum detta út m.a. vegna þess að sumir eru að ljúka menntaskóla og stefna annað í nám. Eldri leikmenn (35+) hafa líka verið að detta út úr meistaraflokkunum og eru nú frekar með öldungaliðunum. Það eru fáir iðkendur yngri flokka á Ísafirði, en fleiri iðkendur koma frá Suðureyri og Þingeyri. Á síðustu yngriflokkamótum hefur Vestri ekki getað spilað fram heilum 6 manna liðum, en leikmenn Vestra hafa fengið að spila með öðrum liðum, enda mikilvægast að allir fái að spila.

Það er ljóst að það þarf að gera átak til þess að ná inn iðkendum yngri flokka á svæðinu. Einnig þarf að ná hingað leikmönnum í meistaraflokkana ef halda á áfram með lið í 1. deild, eða úrvalsdeild. Það er því ekki nóg að sinna bara hefðbundnum verkefnum á næstunni, heldur þarf að leggjast í stefnumótun og mikla skipulagsvinnu ef reka á deildina áfram með svipuðum hætti og hefur verið gert á undanförunum árum.

Harpa Grímsdóttir formaður

Knattspyrnudeild Vestra

Meistaraflokksráð karla

Skýrsla stjórnar meistaraflokksráðs starfsárið 2017

Í stjórn voru:	Samúel Samúelsson	formaður
	Haþþór Halldórsson	varaform.
	Ragnar Heiðar Sigtryggsson	gjaldkeri
	Júlíus Ólafsson	ritari
	Veigar Guðbjörnsson	meðstjórnandi
	Jón Hálfván Pétursson	meðstjórnandi
	Hákon Hermannsson	meðstjórnandi

Stjórnin fundaði 4x í mánuði yfir veturinn, alla þriðjudaga en svo fjölgaði fundum í 4-6 í mánuði yfir sumarið.

Félagið keppti í þriðja sinn undir merkjum Vestra í keppni á vegum KSÍ, félagið lék í 2. deild tímabilið 2018.

Liðsmenn meistaraflokks sumarið 2018

Akil Rondel Dexter de Freitas
James Andrew Pew
Birkir Eydal
Brenton Muhammad
Daði Freyr Arnarsson
Daniel Osafo-Badu
Daníel Agnar Ásgeirsson
Elmar Atli Garðarsson
Friðrik Þórir Hjaltason
Guðmundur Arnar Svavarsson
Hafþór Atli Agnarsson
Hammed Obafemi Lawal
Hjalti Hermann Gíslason
James Charles Mack
Joshua Ryan Signey
Matthías Króknes Jóhannsson
Nikulás Jónsson
Pétur Bjarnason
Sergine Moudou Fall
Viktor Júlíusson
Zoran Plazonic
Þórður Gunnar Hafþórsson

Nóvember 2017 - Febrúar 2018:

Bjarni Jóhannsson ráðinn þjálfari og Andrew James Pew spilandi aðstoðarþjálfari. Æfingar fóru fram á Ísafirði og Bolungarvík sem Andy Pew sá um, en einnig æfði hluti af liðinu í Reykjavík í samvinnu við önnur landsbyggðarlið. Bjarni Jóhannsson sá um þær æfingar.

Félagið tók þátt í B-deild Fótbolta.net-mótsins og spilaði til úrslita við Gróttu, en tapaði þeim leik.

Febrúar 2018 - apríl 2018:

Liðið hóf keppni í Lengjubikarnum og vann tvo leiki og tapaði þremur leikjum. Einnig voru spilaðir nokkrir æfingaleikir og fór liðið ma. í æfingaferð til Spánar mánaðamótin mars/apríl.

Maí 2018 – September 2018:

Liðið spilaði 22 leiki í Íslandsmóti 2. deildar, vann 13 leiki, gerði 5 jafntefli og tapaði 4 leikjum. Liðið endaði í 3. sæti 2. deildar, einungis tveimur stigum frá því að komast upp í Inkasso-deildina. Liðið var einnig skráð til leiks í Mjólkurbikarinn og var slegið út í

Ársskýrsla 2018

annarri umferð af Haukum. Christopher Harrington var ráðinn til starfa sem aðstoðarþjálfari í maí, en sagði upp störfum um miðjan júní 2018. Í hans stað var ráðinn Jón Hálfðán Pétursson.

Október 2018 – Desember 2018:

Bjarni Jóhannsson heldur áfram sem þjálfari liðsins. Hluti liðsins æfir fyrir vestan þar sem að Daniel Osafo-Badu sér um æfingarnar, en Bjarni Jó sé um æfingar hópsins sem er staðsettur í Reykjavík.

Ekki var starfsemi í meistaraflokki kvenna árið 2018 vegna manneklu.

Fyrir hönd meistaraflokksráðs
Jón Hálfðán Pétursson

Barna og unglingaráð

Í stjórn sátu:

Kristján Þór Kristjánsson formaður,
Aníta Ólafsdóttir gjaldkeri,
Gunnar Páll Eydal ritari
Guðbjartur Jónsson
Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg

Árið 2018 var nokkuð hefðbundið ár í barna- og unglingaflokkum. Iðkendatala var svipuð og síðustu ár og starfið með svipuðu sniði. Æft er bæði á Ísafirði og Bolungarvík og hefur frístundarútan sannað gildi sitt svo um munar. Þjálfarahópurinn hefur verið mjög góður og held ég að fá lið á landinu hafi haft yfir að ráða jafn menntuðu, hæfileikaríku og reynslumiklu þjálfarateymi og byrjaði síðasta haust. Jónas Leifur Sigursteinsson er yfirþjálfari félagsins og hefur einnig þjálfað 3. flokk í vetur, aðrir þjálfarar félagsins á síðasta ári eru Jón Hálfðán Pétursson, Atli Freyr Rúnarsson, Pálína Jóhannsdóttir, Daniel Osafo-Badu og Halldór Jónbjörnsson ásamt ungum aðstoðarþjálfurum.

Hæfileikamótun KSÍ kom hér í byrjun síðasta sumars. Hæfileikamótun er verkefni þar sem iðkendur í 4.flokkum landsins eru skoðaðir og er undirbúningur KSÍ fyrir yngri landslið. Valdir voru fjórir strákar og stelpur til að fara áfram á hæfileikamótun vesturlands/vestfjarða, þau Gautur Óli Gíslason, Kári Eydal, Arnar Rafnsson, Guðmundur Páll Einarsson, Viktoría Þórðardóttir og Sigrún Betanía Kristjánsdóttir. Öll stóðu þau sig mjög vel. Gautur Óli var svo valinn á hæfileikamótið sem haldið er á haustin. Allir þessi krakkar eiga framtíðina fyrir sér ef þau halda vel á spöðunum.

Þó það hafi verið gert hér á síðasta aðalfundi þá er enn vert er að minnast á æfingaaðstöðu knattspyrnudeildarinnar. Á veturna æfa flokkar inni í íþróttahúsinu á Torfnesi í annaðhvort heilum sal eða 2/3 hluta salar. Einnig fara æfingar fram í íþróttahúsinu í Bolungarvík. Þjálfarar félagsins taka sérstaklega eftir því á vetrarmótum og einnig á vorin og snemmsumars hve mikill munur er á okkar krökkum og þeim krökkum sem æfa á gervigrasi inni í húsum allt árið um kring. Munurinn byrjar sérstaklega að sjást í 6. flokki og er svo vaxandi eftir það. Það er því það allra brýnasta að mati stjórnar yngri flokka og þjálfara að hér rísi fjölnota íþróttahús með gervigrasi. Við erum að verða á eftir knattspyrnulega séð og það mun bara aukast ef ekki er bætt úr æfingaaðstöðu. Þó vetraraðstaðan sé slæm þá er sumaraðstaðan ekkert betri. Gervigrasvöllurinn er löngu kominn til ára sinna og grasvöllurinn lúinn og gamall með ónýtu dreni. Við bíðum því enn eftir úrbótum í þessum málum.

Stjórn barna- og unglingaráðs vill þakka öllum iðkendum, foreldrum, tengiliðum, þjálfurum, styrktaraðilum og öðrum velunnurum fyrir árið. Hér fyrir neðan er svo létt ágrip fyrir hvern flokk.

Starf yngri flokka á árinu:

8. flokkur

8. flokkur er fyrir bæði kyn og er æft tvisvar í viku allt árið um kring á Ísafirði, einu sinni í viku í Bolungarvík á veturnar en tvisvar á sumrin. Þjálfari um veturinn var Jón Hálfván Pétursson og um sumarið fékk hann unga aðstoðarþjálfara með sér. 8. flokkur fór á Arionbankamót í Reykjavík og Fosshótelmót á Patreksfirði.

7. flokkur drengja

7. flokkur drengja æfði tvisvar í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfarar flokksins um veturinn voru Friðrik Þórir Hjaltason og Pétur Bjarnason en um sumarið var Axel Sveinsson. Flokkurinn fór á Cheerismót Víkings í maí. Um sumarið fór flokkurinn á Norðurálsmótið á Akranesi, Króksmótið á Sauðárkróki og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

7. flokkur stúlkna

7. flokkur stúlkna æfði tvisvar í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Kolfinna Brá Einarsdóttir. Flokkurinn fór á Síamótið í Kópavogi og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

6. flokkur drengja

6. flokkur drengja æfði 2-3 í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokkur okksins var Jón Hálfván Pétursson. flokkur inn fór Goðamót Þórs um veturinn og

TM mót Stjórnunnar og um sumarið á Orkumótið í Vestmannaeyjum, Króksmótið á Sauðárkróki og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

6. flokkur stúlkna

6. flokkur stúlkna æfði 2-3 í viku um veturinn og 4 sinnum í viku um sumarið. Þjálfari flokksins var Kolfinna Brá Einarsdóttir. Flokkurinn fór á Síamótið í Kópavogi, Landsbankamótið Sauðárkróki og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

5. flokkur drengja

5. flokkur drengja æfði 3-4 í viku um veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfarar flokksins um veturinn voru Friðrik Hjaltason og Pétur Bjarnason en um sumarið var Axel Sveinsson flokkurinn fór á Goðamót Þórs um veturinn og um sumarið var hann á Íslandsmóti og á N1 mótið á Akureyri og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

5. flokkur stúlkna

5. flokkur stúlkna æfði 3-4 í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Kolfinna Brá Einarsdóttir. Flokkurinn fór á Goðamót Þórs um veturinn og um sumarið á Íslandsmót og fór á Síamótið í Kópavogi og Fosshótelmótið á Patreksfirði.

4. flokkur drengja

4. flokkur drengja æfði 3-4 sinnum í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Andy Pew. Um veturinn tók liðið þátt í Stefnumóti KA og gerðu sér lítið fyrir og unnu b-deildina. Flokkurinn var á Íslandsmóti um sumarið. 4. flokkur gerði frábært mót og unnu sinn riðil í Íslandsmótinu og fóru því í úrslit á Íslandsmótinu. Þar stóðu þeir sig feikivel á móti sterkum liðum Breiðabliks, Fjölnis og Keflavíkur. Þeir fóru einnig á Reycup og þar unnu þeir einnig b-deild mótsins. Frábært sumar hjá þessum efnilegu drengjum.

4. flokkur stúlkna

4. flokkur stúlkna æfði 3-4 sinnum í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Atli Freyr Rúnarsson. Um veturinn tók liðið þátt í Stefnumóti KA. Flokkurinn var á Íslandsmóti um sumarið.

3. flokkur drengja

3. flokkur drengja æfði 3-4 sinnum í viku yfir veturinn og 4 sinnum yfir sumarið. Þjálfari flokksins var Jónas Leifur Sigursteinsson. Strákarnir fóru á Stefnumót KA um veturinn og á Íslandsmót og Reycup um sumarið.

Kristján Þór Kristjánsson formaður barna og unglingaráðs knattspyrnudeildar Vestr

Skíðafélag Ísfirðinga

Í stjórn voru :

Hólmfríður Vala Svavarsdóttir	Formaður
Sigríður Laufey Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Ásgerður Þorleifsdóttir	Meðstjórnandi
Jóhann Bæring Pálmason	Meðstjórnandi
Sif Huld Abertsdóttir	Meðstjórnandi

Aðalfundur Skíðafélags Ísfirðinga var haldinn 6. júní 2017 í Skíðaskálanum í Tungudal. Í stjórnina bættist þau Sif Huld Abertsdóttir en Kristján Ásgeirsson lét af störfum. Að öðru leyti hélst stjórnin óbreytt.

Fundir

Fyrsti fundur hjá nýrri stjórn var haldinn í sumarbyrjun og svo aftur þegar fór að hausta. Eftir það var fundað nokkuð reglulega í vetur, eða að jafnaði einu sinni í mánuði.

Hólmfríður Vala var tengiliður við göngunefnd og Jóhann Bæring tengiliður við alpanefnd.

Þjálfarar SFÍ:

Skíðaganga

Gunnar Bjarni Guðmundsson sá um þjálfun hjá 10-11 ára og honum til aðstoðar var Guðmundur Sigurvin Bjarnason. Steven Gromatka sá um þjálfun hjá 12+ Ingibjörg Elín hafði umsjón með HSV skólanum og henni til aðstoðar voru Katrín Ósk Einarsdóttir og Auður Líf og Arndís sem skiptu með sér einni stöðu.

Alpagreinar

Erfiðlega gekk að manna stöðu þjálfara hjá 12+ og var það ekki fyrr en í febrúar sem að við fengum Jóhann Bæring Gunnarsson í verkið. Helga Þórdís sá um æfingar fyrir 12+ í desember og janúar.

Birna Jónasdóttir var með umsjón með HSV skólanum og fékk aðstoð frá Birnu Sigurðardóttur og Hönnu Þórey Björnsdóttir. Að auki sá Birna Jónasar um þjálfun hjá 10-11 ára.

Æfingar hófust um miðjan september hjá 10-11 ára bæði í alpa og göngu. Gunnar Bjarni hafði umsjón með þeim.

Steven hélt áfram með æfingar hjá 12+ sem höfðu verið reglulegar allt sumarið og og tók við alpakrökkunum að auki fram að fyrsta snjó. HSV skólinn byrjaði í janúar á Dölunum tveimur

Í lok apríl kvaddi Steven okkur og hélt á vit nýrra ævityra í Reykjavík. Þökkum við honum fyrir skemmtilegt og farsælt samstarf.

Snjóalög

Skíðagöngusvæðið var opnað í lok nóvember og var opnun slitrót út desember en hélst nokkuð stöðug eftir það. Opið var alla daga vikunnar nema mánudag.

Það sama var með alpasvæðið. Opnun þar var góð frá janúar byrjun og fram í lok apríl. Opið var alla daga nema mánudaga og að auki var kvöldopnun á fimmtudögum.

Mótamál:

Við höldum FIS mót í skíðagöngu þar sem við fengum til okkar bæði erlenda og Íslenska keppendur.

Keppendur voru um 15 talsins og fékk þó nokkra umfjöllun í fjölmiðlum þar sem tveir erlendir keppendur náðu lágmörkum á Ólympíuleikana 2018 í Suður Kóreu.

Undirbúningur fyrir Unglingameistarmót Íslands var settur á full strax á haustdögum 2017. Við áttum að halda mótið árið áður en þurftum að gefa það frá okkur vegna snjóleysis. Nefndin frá síðsta móti, sem ekki var haldið, var virkjuð og fundaði hún reglulega fram að móti 23. mars. Mótið gekk vonum framar og fengum við á annað hundrað keppendur í bæinn í alpagreinum og skíðagöngu.

Þrátt fyrir að löng pása hafi komið í mótahald í alpagreinum þá var ekkert hik að finna, gamlar kempur í mótahaldi voru kallaðar til og svo bættust við nýjir og áhugasamir og gekk allt smurt fyrir sig.

Er það mál manna að mótið hafi verið einstaklega vel heppnað og að Ísfirðingar séu höfðingjar heim að sækja

Er það von okkar að þeir sem sátu í nefndinni hafi áhuga á að halda áfram og undirbúa Landsmót 2019

Innanfélagsmót í alpagreinum og skíðagöngu voru haldin og heppnuðust vel.

Sérstaklega var gaman að fylgjast með auknum áhuga foreldra í alpagreinum og er ljóst að þar er að myndast sterkur hópur sem á eftir að lyfta starfi félagsins mikið.

Fossavatnsgangan var á sínum stað í vor. Ísfirðingar tóku á móti um 1000 gestum í blíðskaparveðri og gerðu það vel. Meira má lesa um gönguna í skýrslu Fossavatnsgöngunar.

Gangan er stór partur af starfi félagsins og færir okkur miklar tekjur á hverju ári sem léttu róðurinn verulega. Á liðnu ári voru keyptar borvélar, brautir merktar og ýmis önnur vinna unnin.

Ársskýrsla 2018

Gangan greiddi mótsgjöld fyrir alla Andrésarfara og allan kostnað við 2 þjálfara á leikana auk þess að bjóða öllum keppendum og aðstandendum SFÍ í pizzuveislu á Greifanum.

Félagsmenn eru duglegir að leggja göngunni lið og er hún að stórum hluta unnin í sjálfböðavinnu.

Skíðavika

Skíðavikan stóð undir sínu. Hún var sett á miðvikudegi eins og venjulega og stóð dagskrá fram á sunnudag. Margir nýir viðburðir litu dagsins ljós og var meiri metnaður settur í þá sem fyrir voru.

Skipuð var sérstök skíðavikunefnd sem sá um að skipuleggja og útdeila verkefnum og heppnaðist það vel.

Að sjálfsögðu var skíðablaðið prentað og í þetta sinn í 2000 eintökum.

Fjármál og fjárfestingar:

Framkvæmdir á Seljalandsdal halda áfram samkvæmt uppbyggingarsamningi við Ísafjarðarbæ.

Sett var niður rör á flötina og ræst fram. Bætt var við snjógirðingum og þær gömlu lagaðar auk annars viðhalds.

Á Tungudal var einnig unnið samkvæmt uppbyggingarsamningi sem skrifað var undir í haust.

Sáð var í opin sár og settar upp nýjar girðingar og þær gömlu endurnýjaðar þessi vinna er unnin að allmestu leyti í sjálfböðavinnu.

Endurnýjaður var styrkarsamningur við helstu bakhjarla Skíðafélagsins; Íslandsbanka, Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. og Borgun. Einnig er verkefnasamningur HSV og Ísafjarðarbæjar góður fjárstuðningur.

Afreksmenn:

Albert Jónsson er í A-liðið SKÍ og Dagur Benediktsson í B-liði.

Þeir hafa ferðst mikið í æfinga- og keppnisferðir og staðið sig með sóma bæði hér heima og erlendis og eru góðar fyrirmyndir fyrir aðra iðkendur.

Skíðaping

Farið var á skíðaping sem haldið var á Akureyri í október, þar áttum við tvo fulltrúa.

Lesa má um skíðaping og helstu breytingar sem samþykktar voru þar á SKI.is

Formannafundi sem átti að vera í maí var frestað fram á haust.

Ísafirði 22.05 2018
Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Hending

Skýrsla stjórnar Hestamannafélagsins Hendingar starfsárið 2018

Starf Hendingar var að mestu leyti hefðbundið hvað varðar hin venjulegu félagsmál en einnig óhefðbundið þar sem að ekki hefur verið unnið svo mikið við að byggja upp aðstöðu í langan tíma.

Miklar framkvæmdir hafa verið á árinu þar sem að vinna við að reisa reiðskemmu hófst á vormánuðum, með því að grunnur var tekinn og undirlag gert tilbúið. Vinna við að slá upp sökkli byrjaði 17. júlí og lauk í lok september. Upp úr miðjum október var farið að reisa grindina, þurfti að bíða þar sem að leyfi frá Ísafjarðarbæ fyrir áframhaldandi framkvæmdum var ekki komið, í lok árs var lokið við að reisa grindina og gera hana klára. Síðan þá hefur verið unnið að því að loka húsinu og gera það tilbúið að utan. Þegar farið er í slíkar framkvæmdir er nauðsynlegt að eiga góða að bæði hvað varðar einstaklinga og fyrirtæki. Við höfum verið það heppin að fyrirtæki í bæjarfélaginu hafa verið reiðubúin að aðstoða okkur við mjög margt þeim að þakka. Viljum við þakka sérstaklega Gröfupjónustu Bjarna Jóhannssonar, Þotunni, Gámapjónustu Vestfjarða og Vestfirskum verktökum en þessi fyrirtæki hafa verið sérlega rausnarleg við okkur. Einnig eru nokkrir einstaklingar sem hafa borið hitann og þungann af vinnunni og vil ég þakka fyrir að gefa okkur tímann sinn og vera alltaf reiðubúið þegar á þarf að halda þetta eru þau: Ingibjörg Jónsdóttir, Elfar Reynisson, Jónas Björnsson, Össur Össurarson og Þorsteinn Magnfreðsson.

Í maí var haldið reiðnámskeið og sóttu 20 manns námskeiðið. Kennari var Lárus Ástmar Hannesson. Árný Herbertsdóttir sá um skipulagningu og bauð kennaranum gistingu og fæði og viljum við þakka henni fyrir það.

Hending tók þátt í 17. júní með því að mæta á hátíðarsvæðið og teyma undir börnum. Hátíðin var nú á nýju svæði og reyndist það mjög vel. Ólöf Einarsdóttir sá um að skipuleggja og var í samskiptum við upplýsingafulltrúa bæjarins við skipulagninguna.

Stjórnarfundir voru 4 á árinu. Þar hafa línurnar í starfinu verið lagðar og margt rætt er varðar öryggi og réttindi félagsmanna. Keyptir voru 23 reiðhjálmar á árinu af Líflandi. Fengum við styrk frá Ríkissjóði Íslands og Ísblikk ehf. til að kaupa hjálmana sem er mikilvægt fyrir félagið að eiga þegar haldin eru námskeið eða verið er að bjóða fólki á hestbak því hjálmurinn er í raun eina vörnin sem hestamaðurinn getur nýtt sér.

Tekið var þátt í karlareið og kvennareið í Önundarfirði og tókust báðar mjög vel. Þessar ferðir eru nauðsynlegar til að þjappa hópnum saman og til að hittast yfir sumartímann þegar fólk er ekki að hittast í hesthúsunum.

Ársskýrsla 2018

Formaður sótti ársþing L.H. á Akureyri. Þar skiptist þingheimur í tvær fylkingar vegna formannskjörs og setti það svip sinn á allt starf þingsins og litar meira segja enn starf landssambandsins sem er miður. Vonum við að hlutirnir lagist með tímanum en á meðan er landssambandið örlítið brotið. Veturinn í ár hefur verið hestamönnum mjög hagstæður og auðvelt hefur verið að njóta útreiða sem er ekki sjálfgefið á Íslandi.

Rétt fyrir kosningar á síðasta ári ákvað bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að standa ekki við seinni hluta uppbyggingarsamningsins og nú hefur verið tekin ákvörðun um að fresta honum um tvö ár. Formaður hefur sent minnihluta og meirihluta bréf og óskað skýringa og þeirra afstöðu til þessa máls en lítið hefur verið um svör. Með frestun teljum við hestamenn að byrjað verði seinna en samningnum verði samt fullnægt á sama tíma þannig að honum verði þjappað saman. Ef það á ekki að gerast er kominn grundvöllur til að stefna bænum fyrir brot á samning sem búið er í raun að undirrita og þinglýsa.

Ólöf Einarsdóttir var tilnefnd til Íþróttamanns Ísafjarðarbæjar af Hendingu fyrir afrek sín á sviði hestaíþróttá á undanfögnu ári.

Framkvæmdum við reiðveginn í Engidal er lokið. Barði Önundarson hefur unnið þá vinnu fyrir okkur og verið mjög liðlegur. Væringar hafa verið með skiptingu á reiðvegafé á Vestfjörðum og Vesturlandi eftir að tvö stór félög sameinuðust í eitt í Borgarfirði. Vildu þau fara að fá tvöfalt framlag miðað við áður en það er ekki boðlegt. Í ár munum við fá 900.000.- og munu þeir peningar fara í að laga reiðveginn á milli Kirkjubæjar og Engidals sem hefur svolítið setið á hakanum á meðan vegurinn í Engidal var kláraður.

Marínó Hákonarson formaður

Héraðssamband Vestfirðinga

Ársreikningur 2018

Héraðssamband Vestfirðinga
400 Ísafjörður

kt. 490500-3160

Héraðssamband Vestfirðinga

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit.

Undirritun stjórnar.....	2
Áritun kjörinna skoðunarmanna.....	3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sundurliðanir.....	7-9
Rekstrarskipting.....	10

Undirritun stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga staðfesta hér með ársreikning 2018 með undirritun sinni.

Ísafirði, 7. maí 2019

Í stjórn

Ásgerður Þorlákisdóttir
Baldur J. Jonsson
KARL ÁSGEIRSSON

Hildur Elínabet Pétursdóttir
Jóni Björn Guðnason
Heimir S. Þorsson

Framkvæmdastjóri

Sigr. Lóa Gunnuld.

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Til stjórnar Héraðssambands Vestfirðinga.

Við höfum skoðað ársreikning Héraðssambands Vestfirðinga vegna ársins 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma undirritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ársreikningurinn er í samræmi við settar reikningsskilareglur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Ísafirði, 7. maí 2019

Bjarta Bjarnar

Ólafur E. Kjartansson

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir	(1)	28.940.806	26.026.177
Aðrar tekjur	(2)	656.940	99.000
Framlag Ísafj. bæjar til Afreksmannasjóðs HSV		1.500.000	1.527.171
Önnur framlög til Afreksmannasjóðs HSV		719.895	0
Framlag í Styrktarsjóð 3X		1.500.000	0
Framl. Ísafj. bæjar til verkefnasamnings		7.750.000	7.500.000
Notuð (ónotuð) framlög Verkefnasjóðs um áramót		50.000	(50.000)
Framl. Ísafj. bæjar til þjálfarastyrkjasjóðs		750.000	565.053
Íþróttaskóli, framlög, þátttökugjöld og styrkir	(3)	13.452.894	11.357.788
		<u>55.320.535</u>	<u>47.025.189</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	(4)	14.781.962	12.676.754
Framlög til aðildarféлага	(5)	10.080.273	9.734.386
Framlög vegna verkefnasamnings		7.800.000	7.450.000
Framlög úr Afreksmannasjóði HSV		1.260.000	1.130.000
Framlög úr Styrktarsjóði 3X		1.500.000	0
Framlög úr þjálfarastyrkjasjóði		0	334.727
Íþróttaskóli, þjálfarakostnaður o.fl.	(6)	3.718.081	3.089.995
Annar íþróttakostnaður	(7)	922.736	957.780
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	(8)	2.269.025	2.375.764
Íbúðaaafnot aðildarféлага		8.575.592	9.054.751
		<u>50.907.669</u>	<u>46.804.157</u>
Tekjur umfram gjöld fyrir fjárm.liði		4.412.866	221.032
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		352.767	374.732
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(307.310)	(195.913)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>45.457</u>	<u>178.819</u>
Tekjur umfram gjöld		<u><u>4.458.323</u></u>	<u><u>399.851</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir			
	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Innréttingar og skrifstofubúnaður		408.823	408.823
		<u>408.823</u>	<u>408.823</u>
Fastafjármunir		<u>408.823</u>	<u>408.823</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	(10)	3.096.614	2.674.638
		<u>3.096.614</u>	<u>2.674.638</u>
Handbært fé			
Innstæður á bankareikningum		12.462.817	14.011.380
Innstæða á bankareikningi Afreksmannasjóðs		9.691.223	6.477.142
		<u>22.154.040</u>	<u>20.488.522</u>
Veltufjármunir		<u>25.250.654</u>	<u>23.163.160</u>
Eignir		<u><u>25.659.477</u></u>	<u><u>23.571.983</u></u>

31. desember 2018

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé			
Eigið fé HSV:			
Óráðstafað eigið fé HSV 01.01		2.516.732	3.460.811
Afkoma ársins af rekstri HSV		2.457.326	(944.079)
		<u>4.974.058</u>	<u>2.516.732</u>
Eigið fé Afreksmannasjóðs:			
Óráðstafað eigið fé Afreksmannasjóðs 01.01.		8.383.495	7.039.565
Tekjur Afreksmannasjóðs umfram gjöld		2.000.997	1.343.930
		<u>10.384.492</u>	<u>8.383.495</u>
Eigið fé alls		<u>15.358.550</u>	<u>10.900.227</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður		383.740	974.750
Skuldir við aðildarfélög..... (9)		6.909.031	10.178.192
Aðrar skammtímaskuldir.....		545.997	506.655
Ónotaður styrkur frá Styrktarsjóði 3X.....		1.500.000	0
Ónotað framlag Verkefnasamnings		962.159	1.012.159
		<u>10.300.927</u>	<u>12.671.756</u>
Skuldir		<u>10.300.927</u>	<u>12.671.756</u>

Eigið fé og skuldir	<u>25.659.477</u>	<u>23.571.983</u>
----------------------------	-------------------	-------------------

Sundurliðanir

	2018	2017
1. Framlög og styrkir		
Framlag frá Ísafjarðarbæ, rekstrarframlag	11.000.000	7.941.288
Framlag frá Ísafjarðarbæ vegna íbúða	8.575.592	9.054.751
Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í Lottói ÍSÍ	2.839.843	2.793.350
Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í Lottói UMFÍ	5.292.846	5.095.986
Hagnaðarhlutdeild H.S.V. í getraunum	260.853	133.984
Útbreiðslustyrkur Í.S.Í.	365.972	402.468
Skattar aðildarfélaga	605.700	604.350
	<u>28.940.806</u>	<u>26.026.177</u>
10% lottótekna renna til Afreksmannasjóðs	813.269	788.934
Reiknað framl. Ísafj.bæjar sem afnot af íþróttamannv.	67.558.635	69.053.199
2. Aðrar tekjur		
Styrktaræfingar og afreksform	606.940	0
Ýmsir styrkir	50.000	99.000
	<u>656.940</u>	<u>99.000</u>
3. Íþróttaskóli, framlög, þátttökugjöld og styrkir		
Framlag frá Ísafjarðarbæ	10.000.000	7.941.288
Þátttökugjöld	3.302.894	3.216.500
Styrkir	150.000	200.000
	<u>13.452.894</u>	<u>11.357.788</u>
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun	12.122.509	10.536.248
Launatengd gjöld	2.659.453	2.140.506
	<u>14.781.962</u>	<u>12.676.754</u>
5. Framlög til aðildarfélaga		
Golfklúbbur Ísafjarðar	415.570	425.840
Grettir	232.143	253.361
Hestamannafélagið Hending	165.860	128.254
Hestamannafélagið Stormur	342.202	375.286
Höfrungur	423.756	479.897
Íþróttafélagið Ívar	98.847	88.957
Íþróttafélagið Vestri	4.256.053	4.221.841
Kubbi, íþróttafélag eldri borgara	187.811	190.661
Ksf. Hörður	1.420.426	1.374.213
Skíðafélag Ísafjarðar	1.023.862	615.786
Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar	571.001	649.276
Stefnir	433.563	369.665
Sæfari	257.144	300.345
Ungmennafélagið Geisli	252.035	261.004
	<u>10.080.273</u>	<u>9.734.386</u>

Sundurliðanir

6. Íþróttaskóli, laun og þjálfarakostnaður

Þjálfarakostnaður	3.488.645	2.990.400
Lokahóf o.fl.	36.791	0
Búnaður og búningar	192.645	99.595
	<u>3.718.081</u>	<u>3.089.995</u>

7. Annar íþróttakostnaður

Þátttökukostnaður í mótum	21.000	0
Námskeið	120.000	202.500
Styrktaræfingar barna og unglinga	781.736	755.280
	<u>922.736</u>	<u>957.780</u>

8. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Ritföng , pappír, prentun, skrifstofuáhöld	59.406	63.724
Sími	168.000	168.000
Kerfisleiga	168.372	168.372
Rekstur upplýsingakerfis og heimasíða	135.740	168.860
Ferða- og viðskiptakostnaður	116.825	457.889
Þinghald og fundakostnaður	262.732	241.047
Bókhald og reikningsskil o.fl.	723.020	552.730
Húsaleiga og annar húsnæðiskostnaður	629.652	497.652
Annar kostnaður	5.278	57.490
	<u>2.269.025</u>	<u>2.375.764</u>

9. Kostnaður við íbúðir greiddur af aðildarfélögum

Greitt af Ksf. Herði	510.882	458.987
Greitt af Skíðafélagi Ísafjarðar	333.147	760.246
Greitt af Íþróttafélaginu Vestra	3.251.435	2.617.899
	<u>4.095.464</u>	<u>3.837.132</u>

Sundurliðanir

10. Viðskiptamenn

Ísafjarðarbær	2.395.837	1.948.548
Íþrótta- og ólympíusamband Íslands	291.705	314.924
Héraðssamband Bolungarvíkur	(1.600)	0
Golfklúbburinn Gláma	(2.990)	(345.927)
Golfklúbbur Ísafjarðar	(393.834)	(402.256)
Íþróttafélagið Grettir	(335.201)	(707.488)
Hestamannafélagið Hending	(153.323)	(466.592)
Hestamannafélagið Stormur	(319.610)	(699.996)
Íþróttafélagið Höfrungur	(1.452.582)	(1.288.362)
Íþróttafélagið Ívar	(92.798)	(310.882)
Íþróttafélagið Vestri	(793.809)	(2.126.873)
Kraftlyftingarfélagið Víkingur	(2.990)	(20.923)
Ksf. Hörður	(849.329)	(859.702)
Kubbi, íþróttafélag eldri borgara	(180.284)	(339.375)
Skíðafélag Ísafjarðar	(630.874)	(393.237)
Skotíþróttafélag Ísafjarðar	(519.066)	(1.037.844)
Íþróttafélagið Stefnir	(435.560)	(341.238)
Sæfari	(230.824)	(494.909)
Tennis - og badmintonfélag Ísafjarðar	(112.603)	(112.603)
Ungmennafélagið Geisli	(401.754)	(229.985)
Ungmennafélag Íslands UMFÍ	409.072	411.166
	<u>(3.812.417)</u>	<u>(7.503.554)</u>
Skuldir	(6.909.031)	(10.178.192)
Inneignir	3.096.614	2.674.638
	<u>(3.812.417)</u>	<u>(7.503.554)</u>

Rekstrarreikningur ársins 2018

Rekstrarskipting

Rekstrartekjur	Skýr.	2018 Samtals	HSV	Afreksmanna- sjóður	Styrktar- sjóður 3X	Íþróttá- skóli
Framlög og styrkir	(1)	28.940.806	28.127.537	813.269		
Aðrar tekjur og framlög	(2)	656.940	656.940			
Framlag Ísafj. bæjar til Afreksmannasjóðs HSV		1.500.000	0	1.500.000		
Önnur framlög til Afreksmannasjóðs HSV		719.895	0	719.895		
Framlög í Styrktarsjóð 3X		1.500.000	0		1.500.000	
Framl. Ísafj. bæjar til verkefnasamnings		7.750.000	7.750.000			
Notuð (ónotuð) framlög Verkefnasjóðs um áramót		50.000	50.000			
Framl. Ísafj. bæjar til þjálfarastyrkjasjóðs		750.000	750.000			
Íþróttaskóli, þátttökugjöld og styrkir	(3)	13.452.894	0			13.452.894
		<u>55.320.535</u>	<u>37.334.477</u>	<u>3.033.164</u>	<u>1.500.000</u>	<u>13.452.894</u>
Rekstrargjöld						
Laun og tengd gjöld	(4)	14.781.962	7.099.609			7.682.353
Framlög til aðildarfélaga	(5)	10.080.273	10.080.273			
Framlög vegna verkefnasamnings		7.800.000	7.800.000			
Framlög úr Afreksmannasjóði HSV		1.260.000	0	1.260.000		
Framlög úr Styrktarsjóði 3X		1.500.000	0		1.500.000	
Íþróttaskóli, laun, þjálfarakostnaður o.fl.	(6)	3.718.081	0			3.718.081
Annar íþróttakostnaður	(7)	922.736	922.736			
Skrifstofu og stjórnumarkostnaður	(8)	2.269.025	1.324.291			944.734
Íbúðaaafnot aðildarfélaga	(9)	8.575.592	8.575.592			
		<u>50.907.669</u>	<u>35.802.501</u>	<u>1.260.000</u>	<u>1.500.000</u>	<u>12.345.168</u>
Rekstrarútkoma fyrir fjármagnsliði		4.412.866	1.531.976	1.773.164	0	1.107.726
Tekjur umfram gjöld fyrir fjárm.liði						
Vaxtatekjur		352.767	83.195	256.069	13.503	
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(307.310)	(276.139)	(28.236)	(2.935)	
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>45.457</u>	<u>(192.944)</u>	<u>227.833</u>	<u>10.568</u>	<u>0</u>
Tekjur umfram gjöld/(Gjöld umfram tekjur)		<u>4.458.323</u>	<u>1.339.032</u>	<u>2.000.997</u>	<u>10.568</u>	<u>1.107.726</u>